



Í síðasta sinn Ljósinn á Óslóartrénu voru tendruð á Austurvelli í gær. Borgarstjórnin í Ósló hefur ákveðið að senda ekki fleiri tré. Það var Birkir Elias, sjö ára, sem tendraði ljósinn á trénu. Hæðan í frá mun jólatréð á Austurvelli því verða höggvið í Norðmannaundi í Heiðmörk. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Guðmundur Andri skrifar um föstudaginn ranga. **11-12**

**SPORT** Frá Hetti í ensku úrvalsdeildina á þremur árum. **14**

**LÍFÍÐ** Glowie gefur út nýtt lag og eyðir jólinum á Barcelona. **24-26**

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK**  
• **FASTEIGNIR**

\*Samkvæmt prentmiðlökönnum Gallup apríl-júní 2015

## Í stjórnsmál þrátt fyrir áhyggjur mömmu sinnar

**SAMFÉLAG** „Hún sagði við mig að hún hefði ekki flúið frá skothriðinni í Srí Lanka til að hægt væri að skjóta á mig í Noregi,“ segir Khamshajiny Gunaratnam, 27 ára varaborgarstjóri Óslóar, um samtalið sitt við móður sína eftir að hún slapp lifandi frá hryðjuverkaárás Breiviks þann 22. júlí 2011.

„Foreldrar mínir koma frá landi þar sem staðan er þannig að ef þú ert Tamíli og þátttakandi í stjórnsmálum þá verður þú vafalaust drepinn. Þegar ég sagði mömmu minni að ég hefði áhuga á stjórnsmálum varð hún áhyggjufull. Það er nokkuð kaldhæðislegt í ljósi þess að ég eyddi miklum tíma í að segja henni að í Noregi er öruggt að vera í stjórnsmálum.“ -srs / sjá síðu 8

Þegar ég sagði mömmu minni að ég hefði áhuga á stjórnsmálum varð hún áhyggjufull.

Khamshajiny Gunaratnam, varaborgarstjóri Óslóar



# Slátrun hrossa hefur hrunið á hálfu ári

Hrossaslátrun í algjöru lágmarki þar sem ekki finnast markaðir fyrir afurðirnar. Bændur eiga í erfiðleikum með að losa sig við gripi. Lokun Rússlandsmarkaða skipt miklu máli fyrir hrossabændur. Nýrra markaða er leitað og horft til Japan

**LANDBÚNAÐUR** Slátrun á hrossum hefur verið í algjöru lágmarki síðustu mánuði eftir að Rússlandsmarkaðir lokuðust á árinu. Sláturleyfishafar geta því ekki tekið inn hross til slátrunar og sitja margir bændur uppi með hross sem þeir vonuðust eftir að geta losað sig við. Ágúst Andrésson, forstöðumaður kjötafurðastöðvar KS, segir fáa vera að slátra hrossum í einhverju magni þessa dagana.

Ágúst segir markaði í Rússlandi hafa verið einkar hagfellda fyrir útflutning á hrossum. Bæði hafa þeir markaðir tekið við öllu kjöti af skrokknum og gott verð fengið. Síðustu mánuði hefur síðan lítið sem ekkert komist á þá markaði. „Því eru menn aðeins að vinna inn á lítinn innanlandsmarkað,“ segir Ágúst. „Við höfum verið að leita fyrir okkur á öðrum mörkuðum, svo sem í Japan, og

Við höfum verið að leita fyrir okkur á öðrum mörkuðum, svo sem í Japan, og það gæti farið að gefa góða raun. Hins vegar er sá markaður ekki fyrir allt kjöt af hrossi.

Ágúst Andrésson, forstöðumaður kjötafurðastöðvar KS



það gæti farið að gefa góða raun. Hins vegar er sá markaður ekki fyrir allt kjöt af hrossi og því þyrftum við að komast á Rússamarkað áður en langt um líður.“ Nú fer í hönd tími þar sem hrossabændur fara að gefa stóðum sínum

og því er ærinn kostnaður í að halda hrossum á fótum sem bíða slátrunar. Vitað er í slátruhúsi B. Jensen í Eyjafirði að hrossabændur sumir hverjir séu að bíða með hross sem þeir pöntuðu inn til slátrunar í júní í sumar. Um 9.300 hrossum var slátrað á landinu í fyrra og ljóst er að sú tala verður mun lægri á þessu ári. Rúmlega 70.000 hross eru til í landinu hverju sinni. Aukinn fjöldi hrossa mun auka heypörf hrossabænda til muna.

„Nú verðum við að treysta á að sláturleyfishafar finni markað fyrir afurðina. Það er bagelegt í þessu árferði nú að geta ekki afsett hross. Nú eru bændur komnir í þá stöðu að þurfa að gefa hrossum á útígang og það kostar peninga á meðan,“ segir Sveinn Steinarrson, formaður félags hrossabænda. sveinn@frettabladid.is



JÓLIN BYRJA Á BORGinni

KVÖLDVERÐARHLADBORD FRÁ 8900 KR

JÓLAHLADBORD Í HÁDEGINU 3500 KR

JÓLABRUNCH 4900 KR.



BORG RESTAURANT

PÓSTHÚSSTRÆTI 11 - 101 REYKJAVÍK

S: 578 2020

BORGRESTAURANT.IS



## Veður



Norðan 10-18 m/s og snjócoma fyrir norðan í dag og er útlit fyrir að hún verði nokkuð þétt í kringum Tröllaskaga. Hægari vindur sunnanlands og að mestu léttskýjað, en líkur á dálitlum éljum síðdegis og undir kvöld. Áfram kalt í veðri. **SJÁ SÍÐU 18**

## Í varðhaldi á Kvíabryggju

**LÖGREGLUMÁL** Tuttugu og sjö ára gamall Hollendingur sem hefur verið í einangrun á Litla-Hrauni er kominn á Kvíabryggju. Maðurinn, sem er greindarskertur, sætir gæsluvarðhaldi vegna aðildar að smygli á 23 kílóum af sterkum fíkniefnum til landsins.

„Það fékkst heimild frá Fangelsismálastofnun til að flytja hann upp á Kvíabryggju,“ segir Ómar Örn Bjarnþórsson, verjandi mannsins. Hann segir að Hollendingnum hafi verið ekið þangað á föstudaginn og hann dvelji nú í húsi með Hreiðari Má Sigurðssyni, fyrrverandi forstjóra Kaupþings, og Magnúsi Guðmundssyni, fyrrverandi forstjóra Kaupþings í Lúxemborg. „Þeir hafa tekið mjög vel á móti honum,“ segir Ómar og bætir við að það sama eigi við um aðra fanga á Kvíabryggju. „Hann er ótrúlega sáttur við að vera kominn þangað og líður vel,“ segir hann.

Ómar býst við að rannsókn á fíkniefnamálinu ljúki fljótlega. - jhh

**Hann er ótrúlega sáttur við að vera kominn þangað og líður vel.**

Ómar Örn Bjarnþórsson verjandi.

## Lík flugmannsins til Rússlands

**TYRKLAND** Jarðneskar leifar rússneska flugmannsins Oleg Peshkov verða fluttar frá Tyrklandi til Rússlands. Peshkov fórst þegar tyrkneskar hersveitir skutu flugvél sem hann flaug niður í síðustu viku. Tyrkir telja að vélin hafi farið inn í tyrkneska lofthelgi í óleyfi. Rússar neita því. Atvikidið hefur valdið ósætti á meðal rúðamanna ríkjanna tveggja og Rússar hafa sett viðskiptabann á Tyrki. - jhh

## Gengið í þágu grænni heims



Þess var krafist í loftslagsgöngunni, sem farin var í miðborg Reykjavíkur í gær, að stjórnvöld axli ábyrgð, virði skuldbindingar um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda. Sams konar göngur fóru fram meðal annars í New York, Kaupmannahöfn, Lundúnum, Róm, Tókýó og víðar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Snjóflóð einangruðu Fjallabyggð

**VEÐUR** Þrjú snjóflóð fellu í gær á norðanverðum Tröllaskaga. Tvö flóð fellu í Ólafsfjarðarmúla norðan Dalvíkur og eitt flóð í Almennungum vestur af Siglufirði. Lögregla og Vegagerð lokuðu þeim vegum í gær og verður ekki athugað með opnun fyrir en í dag.

Harpa Grímsdóttir, fagstjóri ofanflóðavár hjá Veðurstofu Íslands, sagði snjóalög veikburða í Ólafsfjarðarmúla og að með nýjum úrkomubakka sem kom upp að Tröllaskaga í gærkvöldi yrði staðan tekin aftur í dag. „Það er mikil hættu á frekari snjóflóðum á svæðinu. Þó að vegir verði opnaðir beinum við til fjallafólks að fara varlega þar sem ótraust snjóalög gætu leynst undir nýföllnum snjó,“ segir Harpa.

Mikil ofankoma var á svæðinu um helgina og spáð er framhaldi þar á. - sa

# Segja örfáa útvalda lögmenn í náð lögreglu

Félag fanga hefur sent formlega kvörtun vegna verjendavals lögreglu. Félagið segir óeðlileg hagsmunatengsl vera fyrir hendi. Lögreglan boðar úrbætur.

**STJÓRNSÝSLA** „Það eru alltaf að koma upp mál þar sem sakborningar, sérstaklega útlendingar, eru óánægðir með þá verjendur sem lögregla hefur skipað þeim,“ segir Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður Afstöðu, félags fanga.

Afstaða hefur sent formlegt bréf til Lögmannafélags Íslands þar sem óskað er eftir því að félagið fari fram á að mótaðar verði verklagsreglur um tilnefningu verjenda til handa sakborningum. Verklagið eigi að tryggja að ekki skapist tortryggni um að óeðlileg hagsmunatengsl séu á milli lögreglu og lögmanna.




Guðmundur Ingi Þóroddsson

Í bréfinu segir að fangar kvarti yfir því að illa gangi að ná í lögmenn og þeir séu illa undirbúnir fyrir dómssmál. Lögmenn gleymi mikilvægum atriðum í málinu og skorti reynslu af verjendastörfum.

Þá segir: „Fangar hafa tekið svo til orða að lögmenn þeirra liti á þá sem „fasta greiðslu“ frá ríkissjóði.“

Lögmannafélag Íslands er með svokallaðan bakvaktarlista sem ætlaður er fyrir lögreglu til að hringja í verjendur. Samkvæmt Afstöðu er þessi listi nær aldrei notaður heldur sér lögregla um að hringja í verjendur sem hún velur sjálf, óski sakborningur ekki eftir einhverjum sérstökum. Afstaða segist í tvígang hafa bent Lögmanna-



Borið hefur á því að sakborningum finnist verjendur sínir illa undirbúnir fyrir málflipting og gleymi jafnvel mikilvægum atriðum fyrir dómi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

félaginu á að úr þessu þurfi að bæta en án árangurs.


„Örfáir útvaldir lögmenn fá meirihluta allra sakamála, ekki sist mjög stórra sakamála, í svo miklum mæli að óeðlileg hagsmunatengsl hljóta að vera fyrir hendi. Félaginu hafa borist ábendingar um að sama gildi að einhverju leyti um réttargæslumenn brotaþola,“ segir í bréfinu.

Þá segir í bréfinu að umtalsverðum fjárumunum sé með þessu skammtað af hálfu lögreglu til lögmanna.

Friðrik Smári Björgvinsson, yfirlög-

regluþjónn hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, segir að þetta standi til bóta. „Menn eru misviljugir að taka verjendastörf að sér. Bakvaktarlisti Lögmannafélags Íslands hefur einhvern veginn ekki virkað almennilega og þess vegna styðjast menn minna við hann en þeir ættu að gera,“ segir Friðrik.

Hann segir að nú eigi sér stað samræður á milli lögreglunnar og Lögmannafélagsins um að koma bakvaktarlistanum í betra horf, svo listinn sé uppfærður og verjendur séu tilbúnir að sinna útköllum. [snaeros@frettabladid.is](mailto:snaeros@frettabladid.is)



Ókeypis heyrnarmæling síðan 2004

## Enn snjallara heyrnartæki

Nýja Beltone **Legend** heyrnartækið tengist þráðlaust beint í **iPhone**, **iPad** og **iPod touch**. Pantaðu ókeypis heyrnarmælingu í síma **568 7777** og fáðu heyrnartæki lánað til reynslu.

heyra.is

**HEYRNARSTÖÐIN**



Beltone Legend gengur með iPhone 6s og eldri gerðum, iPad Air, iPad (4. kynslóð), iPad mini með Retina, iPad mini og iPod touch (5. kynslóð) með iOS eða nýrri stýrikerfi. Apple, iPhone, iPad og iPod touch eru vörumerki sem tilheyra Apple Inc, skráð í Bandaríkjunum og öðrum löndum.



# CYBER MONDAY

ALLAR VÖRUR Á AFSLÆTTI


Einungis í 24 tíma. Frá 00.00 til 23.59

„Cyber“ mánudagur er 10 ára gamall amerískur siður sem breiðst hefur út um allan heiminn og er nú þekktur sem dagurinn sem fólk gerir bestu kaupin á netinu fyrir jólin. Í dag 30. nóvember og til miðnættis verður stóruútsala á Heimkaup.is þar sem við lækkum allar 22.832 vörur sem fáanlegar eru á Heimkaup.is – gríptu tækifærið og gerðu þín bestu kaup fyrir jólin!

**Þetta er aðeins örlítið sýnishorn • 22.832 vörur á afslætti til miðnættis!**

 40% afsláttur Remington Hárlásari 2100W 9.990,- → 5.990,-	 31% afsláttur Star Wars Battlefront PS4 12.990,- → 8.990,-	 46% afsláttur Russell Hobbs Mix&go Pro 12.990,- → 6.990,-	 43% afsláttur Russell Hobbs espresso kaffivél 39.990,- → 22.990,-	 36% afsláttur Teksta Hvolpur 6.990,- → 4.490,-	 2x CD 43% afsláttur Bráðum koma blessuð jólin 2.990,- → 1.690,-	 40% afsláttur Ionik snjallsími með 5" skjá 24.990,- → 14.990,-
 50% afsláttur Leynigarður 3.990,- → 1.690,-	 42% afsláttur Lord of the Rings Trilogy - Bluray 11.990,- → 6.990,-	 47% afsláttur Olay hreinsiburstinn 7.590,- → 3.990,-	 50% afsláttur Jason Body lotion 1.990,- → 990,-	 50% afsláttur Russell Hobbs Slow Cooker 10.990,- → 5.490,-	 45% afsláttur MyKronoz ZeBracelet 2 Snjallúr 19.990,- → 10.990,-	 38% afsláttur Bosch MES 3500 safapressa 39.990,- → 24.990,-
 41% afsláttur Sveinbjörg Thermobollar 5.990,- → 3.490,-	 33% afsláttur Hovertech 11.990,- → 7.990,-	 35% afsláttur Baby Born Nightfriends lítil dúkka 6.990,- → 3.990,-	 40% afsláttur 2x CD Jólagestir: Vinsælustu lögin 3.290,- → 1.990,-	 83% afsláttur Nuby No Spill Einangrunarkanna 2.890,- → 490,-	 38% afsláttur Viltu veðja - nýtt spil 7.990,- → 4.990,-	 42% afsláttur Fúsi DVD 2.890,- → 1.690,-
 55% afsláttur Jussi Adler-Olsen pakkinn 5.890,- → 1.990,-	 70% afsláttur Legobókin - Star Wars 4.990,- → 1.490,-	 50.000,- afsláttur 55" Samsung Curved snjallsjónvarp 249.990,- → 199.990,-	 80% afsláttur Kjafftaskja spilið 2.490,- → 490,-	 50% afsláttur Olay dagkrem og næturkrem 11.990,- → 5.990,-	 43% afsláttur Raspberry ketones 2.990,- → 1.690,-	 46% afsláttur Braun WK300 hraðsuðuketill 12.990,- → 6.990,-

## Allt að 75% afsláttur!



### Öryggi - Ekkert mál að skila eða skipta

Augljós kostur við að versla við innlenda risavefverslun og vöruhús eins og Heimkaup.is er að ekkert mál er að skila eða skipta ef upp koma vandamál.

### Hægt að greiða við afhendingu

Ólíkt mörgum netverslunum býðst þér einnig að greiða með peningum eða korti við afhendingu vörunnar. Öruggara verður það ekki.

### Frí heimsending samdægurs

Höfuðborgarsvæðið: Pantaðu fyrir kl. 13:00 og sendingin getur verið komin til þín fyrir 16:00 sama dag og strax sama kvöld ef pöntun berst fyrir kl. 17:00. Pantanir berast strax daginn eftir víðast hvar á landsbyggðinni. Allar pantanir yfir 4.000,- sendar frítt hvert á land sem er.

HEIMKAUP 

Þú hefur til miðnættis í kvöld – ekki missa af þessu!

Smáratorgi 3 · 201 Kópavogi · 550 2700



## Þúsundir mótmæltu á götum Parísar

**PARÍS** Lögregla í París þurfti að grípa til tæragass gegn mótmælendum á Lýðræðistorginu þar í gær. Þeir sem sófnuðust þar saman mótmæltu því að skipulögð loftslagsganga í borginni var bönnuð vegna óvissu í öryggismálum. Ganga átti um götur Parísar, líkt og annars staðar í heiminum, til að skora á þjóðarleiðtoga heimsins að samþykkja tillögur gegn losun gróðurhúsalofttegunda.

Yfirlýst neyðarástand er enn í gildi í borginni eftir ódæðin þann 13. nóvember síðastliðinn. Þar létu 130 lífið og tugir særðust. Það var af þeim sökum að borgaryfirvöld í París ákváðu að banna loftslagsgönguna.


### » Tuttugasta og fyrsta loftslagsráðstefna Sameinuðu þjóðanna hefst í dag.

Áður en gangan var bönnuð hópuðust þúsundir manna á Lýðræðistorgið en þar átti gangan að hefjast. Skildu margir þátttakendur eftir skópar á torginu til þess að sýna málstaðnum stuðning og sem tákni um ófarna kröfugöngu. Þó nokkur fjöldi einstaklinga lét sér það ekki nægja heldur ákvað að ganga og sló þá í brýnu milli lögreglunnar í borginni og mótmælenda.

Um 2.000 skipulagðar göngur

voru haldnar um allan heim í gær. Krafa var sett fram í göngunni um að íslensk stjórnvöld myndu skuldbinda sig til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 40 prósent á næstu árum.

21. loftslagsráðstefna Sameinuðu þjóðanna hefst í borginni í dag og stendur til 11. desember. Miklar væntingar eru gerðar til ráðstefnunnar og vonir bundnar við að hún festi í sessi baráttu gegn hlýnun jarðar. Þúsundir eru mættar til Parísar í þeim erindagjörðum að þrýsta á alþjóðasamfélagið að berjast gegn loftslagsbreytingum í heiminum. - sa



Hundruðum skópara var raðað á Lýðræðistorgið í París í gær. Loftslagsganga í borginni var bönnuð vegna ótryggs ástands.

## Enn útlit fyrir verkfall

**KJARAMÁL** Viðræður starfsmanna álversins í Straumsvík og stjórnenda fyrirtækisins eru enn strand. Bóðað verkfall hefst á miðvikudaginn, verði ekki samið fyrir þann tíma.

Fulltrúar starfsmanna álversins hafa átt hátt í þrjátíu samningafundi hjá Ríkissáttasemjara síðustu mánuði með stjórnendum fyrirtækisins í von um að leysa kjara-deilu þeirra. Krafa starfsmanna hafa verið sú að fá sömu launahækkunar og hafa orðið á almennum vinnumarkaði.

Svo virðist sem samninganefndirnar hafi að mestu leyti náð saman um launamál og sérkröfur. Gerð nýrra kjarasamninga strandar hins vegar á kröfu stjórnenda fyrirtækisins um að fá heimild til að bjóða út fleiri störf til verktöku. - lvp

## Vilja mislæg gatnamót

**SKIPULAGSMÁL** Garðbæingar eru ósáttir við þann skilning hjá Reykjavíkurborg að samkvæmt nýsamþykktu svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins sé fallið frá gerð mislægra gatnamóta á mótum Bústaðavegar og Reykjanesbrautar. Skipulagsnefnd Garðabæjar vill að svæðisskipulagsnefnd svari því hvort hún sé sammála þessari túlkun Reykjavíkurborgar. „Það er skilningur skipulagsnefndar Garðabæjar að sátt sé um það að útfærsla Reykjanesbrautar, að minnsta kosti frá Miklubraut og til suðurs, sé með mislægum gatnamótun til að tryggja stöðu brautarinnar sem meginstofnbraut bílaumferðar á höfuðborgarsvæðinu,“ segir skipulagsnefnd Garðabæjar. - gar

# Telja mikilvægt að fjölga í lögreglunni vegna Bakka

Framkvæmdir á Bakka við Húsavík gætu aukið íbúafjölda Norðurbings um 600 manns. Sveitarstjóri og lögreglustjóri sammála um þörfina á að fjölga lögreglumönnum í umdæmi Lögreglunnar á Norðausturlandi.

**STJÓRNSÝSLA** Bæjarráð Norðurbings telur mikilvægt að tryggja ásættanlegt þjónustustig lögreglunnar á svæðinu. Aukinn íbúafjöldi í sveitarfélaginu vegna uppbyggingar á Bakka kallar á að bætt verði í löggæslu á svæðinu. Kristján Þór Magnússon, sveitarstjóri Norðurbings, telur þjónustustig lögreglunnar á Húsavík of lágt.

Á fundi bæjarráðs Norðurbings þann 20. nóvember síðastliðinn var staða lögreglunnar rædd. Fyrir fundinn var lagt fram minnisblað Kristjáns Þórs sem hann ritaði eftir fund með lögreglustjóra á Norðurlandi eystra, Höllu Bergþóru Björnsdóttur. Aðeins þrjú lögreglumenn eru á vakt á hverjum degi hjá lögreglunni á Húsavík. Einn er á vakt frá sjö árdegis til þrjú eftir hádegi. Þá taka tveir við og eru til eitt eftir miðnætti. „Það sýnir sig að litíð má út af bregða og þá er enginn á vakt,“ segir Kristján Þór. „Svæðið sem þessi lögregla sinnir er gríðarlega stórt og fjölfarið af ferðamönnum einnig. Svo erum við á leið inn í uppbyggingartíma á Bakka með tilheyrandi hættu á slysum og óhöppum og því teljum við mikla þörf á að auka við mannskap lögreglunnar á svæðinu.“

Halla Bergþóra segir það ekkert launungarmál að lögregluembættið á Norðurlandi eystra, sem sinnir fimmtingi alls landsins að flatarmáli, sé ekki nægjanlega mannað. „Við værum til í að geta bætt við



Húsavík er í umdæmi lögreglunnar á Norðausturlandi. Umdæmið er gríðarlega viðfeðmt. Að mati lögreglustjórans er mönnum í algjöru lágmarki. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Svæðið sem þessi lögregla sinnir er gríðarlega stórt og fjölfarið af ferðamönnum einnig.**

Kristján Þór Magnússon, sveitarstjóri Norðurbings



okkur um sjö starfsmönnum allt frá Fjallabyggð til Þórshafnar. Þetta er viðfeðmt svæði og við teljum mönnumina nú í algjöru lágmarki,“ segir Halla Bergþóra. „Hins vegar höfum við ekki fengið svigrúm í fjárlögum til að bæta við okkur mannskap.“

Daniel Guðjónsson, yfirlögregluþjónn á Akureyri, segir umdæmið lengi hafa þurft að

berjast við niðurskurð. „Eins og staðan er núna er sami lögreglu-fjöldi á dagvakt hér á Akureyri og var þegar bæjarlögreglan hætti störfum og lögreglan fór yfir til ríkisins, rétt eftir 1970. Það hefur fækkað í lögregluliðinu eftir hrun en einnig verður að minna á það að það fækkaði einnig á árunum fyrir hrun,“ segir Daniel. sveinn@frettabladid.is

## Íbúar vilja að bærinn hindri flóð

**ÖRYGGISMÁL** Bæjaryfirvöldum í Mosfellsbæ hafa borist erindi frá íbúum á tveimur stöðum sem óska eftir því að bærinn geri úrbætur til að hindra vatnsflóð í húsum þeirra. Í báðum tilvikum er vitnað til flóða sem urðu í miklu vatnsveðri 14. mars á þessu ári. Íbúar í Álafosskvos segjast hafa fundað með bæjarverkfræðingi um leiðir til að koma í veg fyrir að alvarlegt vatnstjón endurtaki sig. Meðal þess sem þurfi að gera sé að hækka varnargarð meðfram Varmá, hreinsa reglulega framburð jarðefna úr ánni og hækka göngubrú svo hún valdi ekki stíflu.

Mikið tjón mun einnig hafa orðið í fjölbylishúsinu Klapparhlíð 1 þennan dag þegar flæddi inn í bílakjallara og geymslur í gegnum útblástursrör sem fór á kaf. „Það er krafa húsfélags Klapparhlíðar 1 að Mosfellsbær tryggi að frærensli frá þessari lægð við húsið verði bætt verulega svo sambærileg vatnssöfnun verði ekki möguleg í framtíðinni,“ segir í bréfi húsfélagsins sem ella vill að bærinn borgi hækkan á áður nefndu útblástursröri. - gar



Mikið vatnsveður varð á höfuðborgarsvæðinu um miðjan mars á þessu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN



*Falleg glös gleðja augað*

**FASTUS** Veit á vandaða lausn

Síðumúla 16 | Opið mán - fös 8:30 - 17:00 | S: 580 3900



Nú er tækifærið

# NÝIR SÝNINGARBÍLAR Á TILBOÐI

Við bjóðum nokkra nýja Nissan sýningarbíla á veglegu tilboði á meðan birgðir endast.

**100% RAFBÍLL**

Allir Nissan Leaf eru búnir 6,6 kW hleðslubúnaði sem tvöfaldar hleðsluhraða í heimahleðslustöðvum, einnig tímastilltum forhitara sem hitar bilinn upp áður en þú leggur af stað, bakkmyndavél, upphituðu stýri og sætum, handfrjálsum símabúnaði og ESP skriðvörn. Nánari upplýsingar á [www.nissan.is](http://www.nissan.is)

## NISSAN LEAF RAFBÍLL Á VEGLEGU SÝNINGARTILBOÐI

Nú er tækifærið að tryggja sér rafbíl á einstöku verði. Komdu og fáðu upplýsingar um verð á tilboðsbílunum hjá sölumönnum Nissan.



## NISSAN NOTE RÚMGÓÐUR OG SKEMMTILEGUR Í AKSTRI

ACENTA, BENSÍN, BEINSK./SJÁLFSK., EYÐSLA 4,7–5,1 L/100 KM\*



## NISSAN PULSAR

HLAÐINN SKEMMTILEGUM NÝJUNGUM

ACENTA, DÍSIL, EYÐSLA 3,7 L/100 KM\*



## STAÐALBÚNAÐUR Í TEKNA

Leðurinnrétting og rafdrifin sæti, 180° myndavélabúnaður, sóllúga, BOSE hljómkkerfi, 20" álfelgur, bakkmyndavél, rafdrifin opnun á afturhlera.



## NISSAN MURANO

FULLBÚINN JEPPI - HLAÐINN BÚNAÐI

ACENTA/TEKNA, DÍSIL, SJÁLFSK., 190 HESTÖFL, EYÐSLA 8,0 L/100 KM\*

**AÐEINS TVEIR  
MURANO  
TIL Á LAGER!**

## REYNSLUAKSTURSLEIKUR BL ÞÚ GETUR UNNIÐ 55" SAMSUNG SJÓNVARP

Allir sem fara í reynsluakstur á nýjum bíl til jóla verða skráðir í lukkupott og eiga möguleika á að vinna glæsilegt 55" Samsung Smart sjónvarp.



GE bílar / Reykjanæsbæ / 420 0400 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533  
Bílaverkstæði Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070 – IB ehf. / Selfossi / 480 8080 – BL söluumboð / Vestmannaeyjum / 481 1313 og 862 2516

**B|L**

**BL ehf**  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / [www.bl.is](http://www.bl.is)





**nicorette**<sup>®</sup>

Fæst í næsta apóteki

PIPAK, TBWA - SÍA

## Rústir í Jemen eftir árásir Sádi -Araba



Jemenar skoða rústir eftir árás Sádi-Araba á borgina Sanaa í Jemen í gær. Fréttir herma að Sádi-Arabar hafi gert margar árásir á Húta í borginni. Sádi-Arabar eru sakaðir um að hafa drepið hundruð Jemena í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## 8.000 rúmmetrar af sorpi flutt með Herjólfu

Átta þúsund rúmmetrar fara árlega með Herjólfu frá Eyjum og upp á land. Sorp flutt til Blönduóss og á Reykjanes. Griðarlegur kostnaður fyrir samfélagið, segir bæjarstjóri í Vestmannaeyjum sem vill fara að brenna sorp á nýjan leik.

**VESTMANNAEYJAR** Um 8.000 rúmmetrar af sorpi eru árlega fluttir í gámum með Herjólfu frá Vestmannaeyjum. Sorpbrennslunni í Vestmannaeyjum var lokað árið 2012. Sorpinu er annaðhvort ekið til Reykjanes eða alla leið norður á Blönduós.

Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, segir þessa tilhögun ekki af hinu góða. Bæjaryfirvöld hafa verið að skoða málið undanfarin misseri og leitað leiða til að farga sorpi. Nýjar brennslur séu orðnar mun fullkomnari en þær voru hér áður fyrr. Þessi flutningur hefur í för með sér mikla olíunotkun stórra ökutækja sem menga andrúmsloftið og slíta vegakerfinu. Því er í skoðun bæjaryfirvalda í Vestmannaeyjum að gera eitthvað í málinu.

„Mín skoðun hefur alltaf verið sú að þetta var óþarfa offors þegar brennslunum var lokað á sínum tíma. Það var til marks um skilningsleysi þáverandi stjórnvalda að gefa okkur ekki einhvern umþóttunartíma til að vinna að lausn á stöðunni. Það að flytja sorp með ferju upp á land er ekki lausn á stöðunni,“ segir Elliði.

Árið 2003 voru innleiddar hertar reglur um sorpbrennslur í gegnum EES-samninginn en undanþága fengin af hálfu íslenskra stjórnvalda fyrir eldri sorpbrennslur sem þá voru starfandi, þar á meðal á Kirkjubæjarklaustri, í Vestmannaeyjum og á Ísafirði. Mælingar árið 2007 sýndu að dioxín í útblæstri í



Sérstakir ruslagámar eru fluttir frá meginlandinu til Eyja, þaðan er þeim aftur siglt upp á fastaland. Griðarlegur kostnaður segir bæjarstjóri. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

●● **Mín skoðun hefur alltaf verið að þetta var óþarfa offors þegar brennslunni var lokað á sínum tíma.**

Elliði Vignisson  
bæjarstjóri í Vestmannaeyjum



Eyjum var 85 sinnur meira en viðmiðunarmörk fyrir sorpbrennslur sem starfa á grundvelli EES-reglna frá 2003 gera ráð fyrir.

„Kostnaðurinn sem hefur lagst á íbúa Vestmannaeyja sem og annarra sveitarfélaga sem hafa þurft að búa við þessa stöðu er griðarlegur. Við búum hér á eyju og þurfum að flytja sorp með farþegaferjunni okkur upp á land. Það verður ekki búið við þetta ástand mikið lengur,“ segir Elliði. „Það er eingöngu eitt í stöðunni og það er að brenna sorp. Það er umhverfisvænast og sennilega þagkvæmast fyrir þjóðfélagið. Við þurfum skilning stjórnvalda á að búseta okkar á eyju skapi okkur sérstöðu.“

sveinn@frettabladid.is

# KRÓNAN

- fyrst og fremst ódýr!

Fylgstu með  
Jóladagatali Krónunnar.  
Ný tilboð alla mánudaga og  
fimmtudaga til jóla.



❄️ **Jóladagatal** ❄️

**GILDIR  
Á MEÐAN  
BIRGÐIR  
ENDAST\***



**399** kr. pk.  
Papco Jóla WC 6 rúllur

**269** kr. pk.  
Papco Jóla Eldhús  
rúllur, 3 rúllur

\*Gildir til  
2. desember

Fylgstu með Jóladagatalinu á facebook síðu Krónunnar - Jólaleikur í hverri viku



Artek húsgögn | 30%  
og gjafavörur | afsláttur\*

artek



Hönnun: Alvar Aalto



\* Gildir til jóla eða á meðan birgðir endast.



Gjafavörurnar fást í verslunum  
Pennans Eymundsson Laugavegi 77,  
Smáralind, Leifstöð og í  
Húsgagnaverslun Pennans Skeifunni 10.



Sími 540 2000  
www.penninn.is





# Engin „þau“ í samfélaginu, bara „við“

Khamshajny Gunaratnam kom til Noregs frá Sri Lanka þegar hún var þriggja ára og er nú orðin varaborgarstjóri Óslóar 27 ára gömul. Hún er ein þeirra sem lifðu af hryðjuverkaárásina í Útey árið 2011. Skilaboð hennar eftir árásirnar í París eru þau sömu og eftir Útey.

Stefán Rafn  
Sigurbjörnsson  
stefanrafn@frettabladid.is



„Þegar ég byrjaði í gagnfræðiskóla byrjaði ég í ungmenntasamtökum Tamíla af því að ég vildi vinna gegn þeirri þjóðernishyggju sem yfirvöld í Sri Lanka beittu gegn Tamílum og vinna gegn öllu því óréttlæti sem átti sér stað þar,“ segir Khamshajny Gunaratnam, gjarnan þekkt sem Kamzy, 27 ára varaborgarstjóri Óslóar, um það hvernig hún byrjaði í stjórnmálum. Hún var stödd á Íslandi um helgina til að kveikja á Óslóartrénu ásamt Degi B. Eggertsyni, borgarstjóra Reykjavíkur.

Hún kom til Noregs þegar hún var þriggja ára með mömmu sinni og bróður. Pabbi hennar bjó þegar í Norður-Noregi.

„Við bjuggum fyrir norðan í um tvö ár og svo fluttum við til Óslóar af því að mamma vildi að ég lærði tamílsku, sem er móðurtunga mín.“

## Nítján ára í borgarstjórn

Hún var í fyrsta sinn sett á framboðslista árið 2006 þegar hún var átján ára og var svo kosin í borgarstjórn þegar hún var nítján ára og varð varaborgarstjóri nú í október.

„48 klukkustundum áður en nýja borgarstjórnin var mynduð var mér sagt að ég ætti að verða varaborgarstjóri,“ segir hún.

„Ég sagði bara nei, spyrjið ein-

hvern annan! En þau sögðu mér að við þyrftum að endurspeglja nýja kynslóð og nýja hluta Óslóar og alla þá sem finnst þeir ekki hafa rödd í borgarstjórninni. Þess vegna spurðu þau mig.“

Í upphafi fannst henni þetta yfirþyrmandi af því að hún var svo ung. En hún telur að af því hún sé svo ung er mun fleira ungt fólk sem lætur sig málefni borgarinnar varða.

## Þurfum ævilanga baráttu

„Foreldrar mínir koma frá landi þar sem staðan er þannig að ef þú ert Tamíli og þátttakandi í stjórnmálum þá verður þú vafalaust drepinn. Þegar ég sagði mömmu minni að ég hefði áhuga á stjórnmálum varð hún áhyggjufull. Það er nokkuð kaldhæðid í ljósi þess að ég eyddi miklum tíma í að segja henni að í Noregi er það öruggt að vera í stjórnmálum.“

Kamzy er ein þeirra sem lifðu af hryðjuverkaárás Anders Behring Breivik á sumarþingunni ungliðahreyfingar Verkamannaflokksins í Útey þann 22. júlí 2011. Hún synti til lands í stað þess að vera eftir á eyjunni. Móðir hennar var í Danmörku þennan dag en Kamzy hringdi í hana til að segja henni að hún væri örugg.

„Þá sagði hún við mig að hún hefði ekki flúið frá skothríðinni í Sri Lanka til að hægt væri að skjóta á mig í Noregi.“

Eftir árásina í Ósló og Útey var

norskt samfélag upptekið af því hvernig ætti að bregðast við eftir árásirnar. Fjölmargir dást að nálgun Norðmanna sem gjarnan endurspeglast í orðum Jens Stoltenbergs fyrrverandi forsætisráðherra Noregs: „Svarið við árásunum er meira lýðræði og opnara samfélag.“

„Ábyrgð okkar er að tryggja það að enginn alist upp til að verða hryðjuverkamaður eins og Breivik,“ segir Kamzy.

„Það þýðir að öllum manneskjum finnst þau vera hluti af samfélaginu. Til dæmis erum við með 3.000 börn sem eru að biða eftir leikskólalássi í Ósló, við erum með mismunandi tómsundurir sem eru bara aðgengilegar efnuðu fólki og foreldrum, við erum með fullt af fólki sem dettur út úr skólakerfinu. Við verðum að tryggja að fólk sé þátttakendur í öllum stigum samfélagsins. Þetta er umræðan sem við eigum að halda á lofti eftir 22. júlí.“

Hennar skilaboð eftir hryðjuverkaárásirnar í París eru þau sömu og fyrir fjórum árum. Hún segir að það sé ábyrgð allra í samfélaginu að berjast gegn öfgum.

„Ég hef ávallt sagt fyrir hönd minna föllnu félaga að við þurfum ekki mínútu þögn heldur ævilanga baráttu fyrir betra samfélagi. Min skilaboð eru þau sömu og eftir 22. júlí. Stöndum saman. Að sundra samfélaginu er sigur fyrir hryðjuverkamennina. Það eru engin „þau“ í samfélaginu, bara „við“.



Ábyrgð okkar er að tryggja það að enginn alist upp til að verða hryðjuverkamaður eins og Breivik.



Móðir Kamzy hafði áhyggjur af stjórnmálaþátttöku hennar. „Ég flúði ekki frá skothríðinni í Sri Lanka til að hægt væri að skjóta á þig í Noregi.“ FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



## Fyrir erfiðustu verkin

Til afhendingar strax!

## Volkswagen Crafter Extreme Edition

Volkswagen Crafter er hannaður til að takast á við krefjandi verkefni þar sem styrkur og notagildi eru í forgangi. Crafter er einstaklega hagkvæmur og er með mjög öflugum en jafnframt sparneytnum díeselvélum. Volkswagen Crafter er með 3 ára ábyrgð og allt að 250.000 km akstur.

Líttu við og í sýningarsal VW Atvinnubíla og kynntu þér einstaklega vel útbúinn Volkswagen Crafter Extreme Edition.

### Staðalbúnaður

- Rennihurðir á báðum hliðum
- 16" stálfelgur
- Lokað skilrúm með glugga
- ABS / EBV
- ESP stöðugleikastýring og spólvörn
- Bekkur fyrir 2 farþega með geymslukassa
- Loftþúðar fyrir ökumann og farþega
- Útvarp með SD kortarauf
- Klukka
- Fullkomin aksturstölv
- Glasahaldari
- Fjarðstýrðar samlæsingar
- Rafstýrðir upphitaðir hliðarspeglar
- Hæðarstillanlegt öryggisbelti
- 270° opnun á afturhurðum

### Mögulegur valbúnaður

- Dráttarbeisli 180.000. kr m/vsk

### Aukalega í Volkswagen Crafter Extreme Edition

- Hraðastillir (Cruise control)
- Bluetooth símerfi
- Hiti í bílstjórasæti
- Fjarandi hæðastillanlegt ökumannssæti með armpúða
- Véláhrifari með fjarstýringu og tímastilli
- Rafmagns-miðstöðvarhitari
- Aðgerðastýri
- Fjarlægðaskynjarar með bakkmyndavél
- Díóðulýsing í flutningsrými
- Klæðning og rennur í flutningsrými

Crafter Extreme Edition kostar aðeins frá **4.596.774 kr. án vsk**



Atvinnubílar

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík



# PAMPERS GÆÐABLEYJUR Á FRÁBÆRU VERÐI

Botnverð á Pampers bleyjum í Iceland



Pampers

ÓTRÚLEGT  
VERÐ


TILBOÐ Á BLEYJUM  
**1199** kr.  
pakkinn

PAMPERS  
ALLAR STÆRÐIR - STÓRIR PAKKAR



BLAUTÞURRKUR  
**199** kr.  
pakkinn

PAMPERS  
GÆÐABLAUTÞURRKUR



**Borgaðu** með símanum á einfaldan og öruggan máta með Netgíró.  
Við sendum þér reikning í netbankann og þú færð allt að 14 daga vaxtalausn greiðslufrest.  
Skráðu þig á [www.netgiro.is](http://www.netgiro.is)

**Netgíró**  
Betri leið til að borga

Úrval er breytilegt eftir verslunum



OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN  
ICELAND, ENGIHJALLA,  
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

**Iceland**

Verð birt með fyrirvara um prentvillur og gildir á meðan birgðir endast.



# Hreinsum loftið í París



Magnús Guðmundsson  
magnus@frettabladid.is

Loftslagsráðstefna Sameinuðu þjóðanna hefst í París í dag. Að öllum líkindum er hér á ferðinni mikilvægasta samkoma þjóðanna frá lokum síðari heimsstyrjaldar, svo brýnt er það erindi sem hvílir á fundinum, svo stór sú vá sem liggur yfir veröldinni. Engin vestræn velmegunarþjóð getur látið sitt eftir liggja og þá síst af öllu þjóð sem býr á jafn gjöfulegu grænorkulandi og Íslandi.

Það var því ánægjulegt að sjá að í gær gengu hundruð Íslendinga í loftslagsgöngunni í Reykjavík þrátt fyrir frost og þunga færð. Þessi ganga var ein af um tvö þúsund sambærilegum göngum víða um heim undir merkjum Global Climate March sem voru farnar til þess að þrýsta á ríki sem sækja heim loftslagsráðstefnuna í París um að hætta að brenna jarðefnaeldsneyti og að iðnríkin styðji fátækari ríki heims til þess að takast á við breyttar aðstæður og nýta endurnýtanlega orkugjafa.

Gangan í Reykjavík lagði að sjálfsögðu ríka áherslu á hvað íslensk stjórnvöld, og þar með við sem þjóð sem býr við einstakt aðgengi að endurnýtanlegri orku og hátt þekkingarstig, getur lagt af mörkum til þess að viðunandi markmið náist í tíma. Og þá skiptir öllu máli að sú orka sem við beislum sé nýtt með skynsamlegum og sjálfbærum hætti en ekki í þágu mengandi stóriðju með stórskadlegum áhrifum á umhverfið sem og framtíð heimsins.

Gangan setti því fram þá sjálfsögðu kröfu að Ísland skuldbindi sig til þess að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 40 prósent, að tafarlaust verði hætt við áformaða oliuleit og -vinnslu á Drekasvæðinu og loks að stefnt verði að kolefnishlutleysi fyrir árið 2015. Þetta eru skynsamlegar og réttmætar kröfur og sjálfsagt að þakka þeim sem lögðu leið sína í gönguna fyrir sitt framlag. Hvert skref skiptir máli.

Augu þjóðarinnar verða því vonandi á íslenskum ráðamönnum sem og valdamönnum heimsins á næstu dögum. Og að þessu sinni duga engar smárikis-afsakanir, barlómur og væntingar um undanþágur. Slikt er okkur ekki sámandi því við einfaldlega búum of vel af aðstæðum til þess að geta skorast undan því að ganga með þeim sem lengst ganga og til mestra endurbóta. Það er ekki hægt að stæra sig af efnahagslegum árangri og vaxandi velsæld, sem virðist þó ná illa til allrar þjóðarinnar, að morgni og taka sér svo stöðu aftast í umhverfismálunum að kvöldi.

Hugo Chavez, hinn umdeildi forseti Venesúela á sínum tíma, sagði eitt sinn: „Ef umhverfið væri banki, væru Bandaríkjamenn búnir að bjarga því.“ Stór orð og óneitanlega kaldhæðin en við Íslendingar getum að sönnu tekið þau til okkar eins og aðrar vestrænar þjóðir. Þjóð sem hefur með sönnu sýnt að hún getur verið í forystu í að bjarga bönkum og endurreisa þá úr öskustónni ætti nú aldeilis að geta látið ljós sitt skína á loftslagsráðstefnunni í París. Það verður vonandi gaman að fylgjast með þeirri göngu íslenskra ráðamanna þjóð sinni til sóma.

Það er ekki hægt að stæra sig af efnahagslegum árangri og vaxandi velsæld, sem virðist þó ná illa til allrar þjóðarinnar, að morgni og taka sér svo stöðu aftast í umhverfismálunum að kvöldi.

## Halldór



## Frá degi til dags

**Hugtakaverðbólga**  
Landspítalinn á Hringbraut er hríplekur og húsnæði Barna- og unglingsdeildar étíð af myglusvepp. Því er kannski ekki að furða þótt Páll Matthíasson, forstjóri spítalans, láti í sér heyra. En málflytningurinn virðist ekki algv hitta í mark á réttum stöðum. Vigdís Hauksdóttir, formaður fjárlaganefndar, kvartar sáran. „Það þarf að hafa sterk bein fyrir þetta áhlaup,“ sagði formaðurinn á Bylgjunni í gærmorgun. Í kvöldfréttum bætti hún um betur og sagði að fjárlaganefnd væri beitt „andlegu ofbeldi“. Kannski fullsterkt til orða tekið? Ef ekki, þá er spurning hvort Páll, sem er læknesmenntaður, geti gert eitthvað fyrir bein og andlega liðan þingmannsins.

**Kaupir Björgólfur?**  
Það vakti töluverða athygli þegar meirihluti borgarstjórnar ákvað að selja Björgólfi Thor Björgólfssyni húsnæðið sem Thor Jensen, langafi hans, reisti á Frikirkjuvegi ellefu. Salan vakti litla hrifningu vinstri- og borgarstjórn, sem vildu húsíð áfram í eigu borgarinnar. Nú eru breyttir tímar og vinstri- og borgarstjórnir hafa ákveðið að selja annað sögufrægt hús sem Thor Jensen lét reisa, Korpúlfsstaði. Og þá hlýtur að liggja beinast við að langafabarnið kaupir. jonhakon@frettabladid.is

## Það sem þarf til að COP21 ráðstefnan heppnist



Philippe O'Quin  
sendiherra  
Frakklands

Hryðjuverkin í París koma ekki í veg fyrir loftslagsráðstefnuna sem hefst í dag. 150 þjóðleiðtogar eða þjóðhöfðingjar hafa staðfest komu sína og gert er ráð fyrir 40.000 þátttakendum. Þessi feiknarlegi áhugi skýrist af því sem við er að etja: að takmarka hækkan hita í heiminum við 2°C svo ekki komi til óafturkræfra loftslagsbreytinga. Unnt er að ná samkomulagi því fáir draga lengur loftslagsvísindin í efa. Októbermánuður síðastliðinn var sá heitasti frá upphafi mælinga.

Þótt öllum beri saman um markmiðin er niðurstaðan ekki sjálfgefin. Frakkar eru í forsæti ráðstefnunnar og verða að setja sjónarmið 195 þátttökupjóða, bæði á venjulegum samningafundum og með nýrri nálgun. Eins og gengur á slíkum ráðstefnum leitast forysturikið eftir bindandi samkomulagi, algildu en löguðu að þróunarstigi landa, bæði til að draga úr losun til framtíðar og kljást við núverandi vanda. Samkomulaginu fylgir fjármögnun til þróunarlanda sem nemur 100 milljörðum USD frá 2020 (62 milljörðum 2014).

Frakkar tóku upp þá nýbreytni að óska eftir að þátttökuríkin gerðu fyrir fram grein fyrir framlagi sínu. Það hafa nú 169 ríki gert, sem samtals standa fyrir 91% af losun gróðurhúsalofttegunda. Þau skera losun verulega niður, þó ekki nægjanlega: Hlynunin verður um 3° en ekki 2°, sem var hámarkið. Aðrir aðilar en ríki voru beðnir að leggja fram raunhæfar og tafarlausar skuldbindingar samkvæmt „Lima-Parísar aðgerðaaætluninni“. 1.600 borgir og 2.000 fyrirtæki hafa nú skuldbundið sig til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, auka endurvinnslu o.s.frv.

Ísland getur gegnt miklu hlutverki. Bæði er landið í návigi við vandann, því norðurlöndir hlýna örur en tempruð svæði, en jafnframt stendur það nær lausninni því hér kunna menn að nýta endurnýjanlega orku, eins og í Reykjavík sem notar einvörðungu slíkar orkulindir til rafmagnsframleiðslu og upphitunar. Reykjavíkurborg hefur undirritað metnaðarfulla yfirlýsingu um loftslagsbreytingar ásamt öðrum höfuðborgum á Norðurlöndum. Þá hafa 103 íslensk fyrirtæki samþykkt að draga mælanlega úr losun gróðurhúsalofttegunda og sorps.

Góður árangur í París byggist á málamiðlun milli ríkisstjórna og enn fremur á skuldbindingum allra borgaralegra aðila.



Unnt er að ná samkomulagi því fáir draga lengur loftslagsvísindin í efa.

Gæði og glæsileiki endalaust úrval af hágæða flisum

**Flisabúðin**  
Stórhöfða 21 | s: 545 5500 | flis.is

Finndu okkur á facebook



# Föstudagurinn rangi

Í DAG



Guðmundur  
Andri Thorsson  
rithöfundur

Ég mjakaðist ofurhægt á bilnum inn í austurhluta Reykjavíkur á meðan útvarpið malaði. Það var föstudagur. Ég flakkaði á milli stöðva; alls staðar voru óðamála karlmenn að æpa á mig. Þeir heimtuðu að ég færi út í búð, tafarlaust. Nú var nefnilega, sögðu þeir, Black Friday. Og hvað átti ég að gera í því: Jú, stökkva til og kaupa mér dýnu, topplyklasett, brauðrist, saumavél, regnhlíf eða skíði – bara eitthvað. Ég hrökklaðist skelkaður milli stöðva, en þeir voru alls staðar, þessi ástu karlmenn, þar til loks að ég komst í var á rás eitt ríkisútvarpsins. Því fylgdi mikill léttir að heyra þar Sigvalda Júlíusson þul tilkynna í sínum þurrlegasta þulartóni að nú væri „svartur föstudagur“.

„Skemmtilegt er myrkrið“

Þetta var einmitt hvítasti dagur ársins. Maður fékk ofbirtu í augun hvert sem lítið var. Kaupmenn voru hins vegar í óða önn að bjóða okkur upp á innfluttan sorta frá Ameríku, rétt eins og ekki sé nægilegt framboð af myrkri hér í skammdeginu. Af hverju? Það er víst svona sem þetta er gert í Ameríkunni. Manni skilst að öllu sé hér til skila haldið frá föstudeginum svarta í Bandaríkjunum, nema að visu þessu eina sem aldrei nær hingað til okkar: sjálfum afslættinum.

Á íslensku er allt eitthvað svo satt. Allt hljómar svo raunverulegt á íslensku, sem getur orðið soldið niúrdrepani, hún segir okkur hlutina eins og þeir eru – þetta gamla mál fólks sem lifði af gæðum lands og sjávar og var í stöðugum lífsháska og þurfti að geta talað um veðrið með þúsund orðum um vindinn til að vita nákvæmlega hvaða veðra væri von. Það er svo erfitt að þyrta upp moldviðri á þessu máli þar sem merkingin vísar af ískaldri nákvæmni á fyrirbærin og orðin framkalla óðara myndir hjá manni. Svartur föstudagur: er það ánægjuleg tilhugsun að eiga hann í vandum? Þetta hljómar eins og skelfileg vā sem vofir yfir mann. „Skemmtilegt er myrkrið,“ sagði draugurinn í þjóðsögunni en var nokkurn veginn einn um þá skoðun.

En svo heyrir maður „Black Friday“ og yppir öxlum; það hljómar eins og merkingarleysa sem smellur í munn.

Eða til hvers vísar hugtakið? Þetta mun vera upphafsdagur jólaverslunar í Bandaríkjunum og vera fyrsti föstudagurinn eftir Thanksgíving, sérhannaður kaupæðisdagur og gefur netið manni ýmsar skýringar á þessu válega nafni, og maður er óðara farinn að geispa í miðri útskýringu – eitthvað um liti í bókhaldi.

Hræranlegar hátíðir

Forlætið mér þetta tuð. Það er svo sannarlega ekki í verkahring nokkurs manns að hlutast til um það hvernig annað fólk



Okkur hinum kann að visu að þykja þetta skyndilega þakkargjörðarstúss svolítið afkáralegt. Hvað erum við að þakka fyrir hér á landi í lok nóvember?

gerir sér dagamun, svo fremi það meiddi ekki aðra. Við horfum brosandí á Hindúa hér á landi halda upp á sína ljósahátíð, Diwali, múslimar halda af addáunarverðu þolgæði út sinn Ramadan, Gyðingar halda upp á Yom Kippur, kristnir menn minnast fæðingar frelsarans á jolum og Íslendingar blóta Þorrann, sem er heiðin og forn trúarhátíð hvað sem hver segir. Og svo framvegis. Og fólk sem trúir á Ameríku heldur upp á Thanksgíving með kalkúnaáti að hætti prótestanta, svo nefndra pílagríma, sem litu á sig sem guðs útvöldu þjóð og færðu guði þakkir fyrir góða uppskeru.

Okkur hinum kann að visu að þykja þetta skyndilega þakkargjörðarstúss svolítið afkáralegt. Hvað erum við að þakka fyrir hér á landi í lok nóvember? Góða uppskeru? Töðugjöldin eru samkvæmt almanakinu hér haldin seint í ágúst. Eiginlega er álika nærtækt að fara að taka upp síði Amish-manna ...

Sannast hér sem löngum fyrr að trúarsíðir missa inntak og merkingu þegar þeir eru fluttir frá einu svæði með tiltekið náttúrufar til annars með allt aðra landshagi, en vaxa ekki eðlilega fram í sambyli manns og Jarðar, endurspeglar ekki það samband eins og öll trú ætti að gera; verða að innihaldslausum síðum.

Vanmetum samt ekki innihaldsleysið. Það er alls ekki jafn slæmt og af er látið. Það er að minnsta kosti alltaf hægt að ljá því sitt eigið inntak. Og eflaust er hægt að finna einhver þakkarefni hér á landi, sé vel og vandlega leitað. Við höfum svo sannarlega fengið ótalmargt frá Ameríku í menningu og síðum: sumt dásamlegt og auðgandi, eins og alla músíkina og bíómyndirnar, fötin og auglýsingaskiltin; sumt hálfkringilegt, eins og þessar undarlegu íþróttir sem þeir iðka þar vestra, með hinum innvirdulega kýló sem þar er kenndur við baseball og einkennist af gríðarlegu hangsi og óskiljanlegu bauki, eða handboltann sem þeir kalla fúttboll þar sem menn hlaupa fram og til baka með bolta í fanginu og hoppa svo allir í hrúgu þar sem þeir sprikla og kitla hver annan.

Og sumt leiðinlegt: Þessi tiltekni föstudagur er ekki góð viðbót fyrir skammdegisviðkvæmt fólk eins og mig. Good friday á ensku er kallaður Föstudagurinn langi. Black friday mætti gjarnan heita á íslensku Föstudagurinn rangi.

## Svartur á líka leik



Árni  
Páll Arnason  
formaður  
Samfylkingar

Að sjálfsgöðu bregður fólki við þegar það heyrir að lögreglan fái aukinn aðgang að vopnum. Á Íslandi höfum við getað sagt stolt frá því að almennir lögreglumenn séu ekki vopnaðir því þess hefur ekki reynst þörf. Líklega snýr undrun fólks yfir fréttum síðustu viku ekki síst að því hversu óljósar upplýsingar er að fá um eðli og forsendur breytinga á vopnabúnaði lögreglunnar. Ef verið er að fjölga geymslustöðum vopna og vopnbúa lögreglubíla almennt hefði maður talið eðlilegt að slíkar breytingar hefðu fyrst verið kynntar á Alþingi og á meðal almennings, rökstuddar og útskýrðar.

Lögreglumenn vilja að sjálfsgöðu gera það sem þarf til að vernda borgarana og ef til vill eru þessar breytingar rökkréttar í því samhengi. Um það vitum við hins vegar ekkert því ákvarðanir og forsendur þeirra hafa ekki verið kynntar og umfang breytinganna er ekki enn fullljóst. Lögreglufirvöldum ber skylda til að bera það undir borgarana og fulltrúa þeirra hvort þeir kjósi meiri vernd af þessu tagi og gefa þeim

tækifæri til að vega og meta mögulegan ávinning eða tap af slíku.

Vopnabúnaður lögreglu og aðgangur almennra lögreglumanna að vopnum er einn þáttur í því að tryggja öryggi borgaranna og öryggi lögreglumanna. Hins vegar er engin fylgni milli vopnabúnaðar lögreglu í öðrum löndum og lágrar glæpatíðni, nema síður sé. Hvert er mat lögreglunnar og sérfræðinga á áhættu sem fylgir þessari breytingu? Því það er ekki bara hvítur sem spilar, heldur á svartur líka alltaf leik. Hvert getur verið andsvar glæpamanna við auknum vopnabúnaði?

Sú ákvörðun að gera vopn aðgengilegri fyrir almenna lögreglumenn er stórpólitískt mál og á heima á Alþingi Íslendinga og ég hef óskað eftir sérstakri umræðu við innanríkisráðherra um málið þar. Það þarf að upplýsa um hvers eðlis breytingarnar séu og á hvaða grunni ákvarðanir um þær hafa verið teknar. Leynimakk og misvísandi svör um svo viðkvæmt mál eru löggæslufirvöldum ekki samboðin.



Ef verið er að fjölga geymslustöðum vopna og vopnbúa lögreglubíla almennt hefði maður talið eðlilegt að slíkar breytingar hefðu fyrst verið kynntar á Alþingi og á meðal almennings, rökstuddar og útskýrðar.

## Snjóblásarar

**Cub Cadet** **MTD**

<b>Reykjavík:</b> Krókháls 16 110 Reykjavík Sími 568-1500	<b>Akureyri:</b> Lónsbakka 601 Akureyri Sími 568-1555	<b>Vefsíða:</b> www.thoris	<b>Opunartími:</b> Opíð alla virka daga frá kl 8:00-18:00 Lokað um helgar
--	--	-------------------------------	--

**PÓR**

Jólatónleikar  
fyrir alla fjölskylduna



Jólafjör með Góa  
& Stórsveit  
Reykjavíkur

6. des. kl. 14:00,  
Silfurbergi, Hörpu

Miðasala: harpa.is







## Kolefnishlutlaus Akureyri



Guðmundur Haukur Sigurðarson framkvæmdastjóri Vistorku ehf.



**Metan er ekki eina eldsneytið sem unnið er í heimabyggð því á Akureyri er fyrirtækið Orkey sem vinnur lífdísil úr steikingarolíu og fituafskurði.**

Nú líður að Parísarfundi þar sem lokatilraun verður gerð til að komast að samkomulagi um að sporna við loftslagsbreytingum á Jörðinni. Hér er um alheimsverkefni að ræða sem hefur áhrif á okkur öll og er jafnframt á ábyrgð okkar allra.

Samfélagið okkar hér á Akureyri og nágrenni, sem telur um 20.000 manns, er lítið á heimsvísu en samt sem áður má finna hér flest sem einkennir milljónasamfélög, svo sem sjúkrahús, framhaldsskóla, háskóla, orkuframleiðslu, iðnað, matvælavinnslu, ferðaþjónustu sem og ýmsar stofnanir. Ef hægt er að taka metnaðarfull skref í útblástursmálum á Akureyri, þá er engin afsökun að gera það ekki annars staðar.

Í hugmyndafræðinni um kolefnishlutlaus samfélag eru heimilin notuð sem miðpunktur. Ef ekkert gerist á heimilum er lítil von um árangur á öðrum sviðum. Til einföldunar má segja að á Vesturlöndum séu fjögur risakolefnisspor í rekstri heimila:

- A) vegna raforkunotkunar tækja,
- B) vegna upphitunar húsnæðis,
- C) vegna urðunar á lífrænu sorpi,
- D) vegna samgangna.

Kolefnisspor A tengist raforkunotkun en þar njótum við þess, sem og aðrir landsmenn, að rafmagn á Íslandi kemur ekki úr ósjálfbærum kolefnislindum heldur úr vatnsafl og jarðvarma. Akureyringar fóru í mjög metnaðarfull orkuskipti á áttunda áratugnum þegar dýr hitaveita var lögð um bæinn eftir ítrekaðar og erfiðar boranir. Þetta voru kostnaðarsöm og erfið orkuskipti, enda jarðhitaleitin talsvert flóknari en víða á Suðurlandi. Í dag njóta Eyfirðingar af fraksturs þessarar djörfungar og búa við hróðýra og kolefnisfría upphitun og þurfa ekki að hafa áhyggjur af kolefnisspori B.

Hvað kolefnisspor C varðar þá er ekki sama hvernig lífrænn úrgangur er meðhöndlaður því að ef hann er einfaldlega urðaður þá myndi hvert kíló af slium úrgangi mynda 1,6 kg af gróðurhúsalofttegundum við rotnun á urðunarstað. Í Eyjafjardarsveit er hins vegar starfrækt

verksmiðja sem tekur við lífrænum úrgangi og framleiðir jarðvegsbæti með miklum umhverfisávinningi. Fyrirtækið heitir Molta og er líklega ein vanmetnasta umhverfishetja landsins í baráttunni við útblástur gróðurhúsalofttegunda. Með stýrðu niðurbroti minnkar moltugerðin útblásturinn niður í 0,3 kg fyrir hvert kíló af úrgangi eða einn fimmta af því sem losnar við urðun.

### Öll heimili þátttakendur

Molta tekur við lífrænum úrgangi úr öllum Eyjafirði. Það að moltugera lífrænan úrgang í stað þess að urða dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda um 10-15 þúsund tonn á ári. Öll heimili eru þátttakendur í þessari aðgerð og til að setja þessar tölur í eitthvert samhengi þá eru þetta svipuð áhrif og ef 5.000 rafbílar væri keyptir á svæðið til að draga úr mengun. Bílar eru einmitt uppstáðan í kolefnisspori D og þar er verk að vinna.

Norðurorka hefur nú reist metanstöð, þar sem hægt er að fá norðlenskt gas unnið úr lífrænum leifum gamla Gleráldalshaugsins. Metan er ekki eina eldsneytið sem unnið er í heimabyggð því á Akureyri er fyrirtækið Orkey sem vinnur lífdísil úr steikingarolíu og fituafskurði. Stefnit er á að virkja bæjarbúa til að safna notaðri matarolíu sem til fellur á heimilum til að auka framleiðsluna. Fyrstu hraðhleðslustöðvarnar eru svo væntanlegar þannig að ekkert mun vanta upp á innviði til að fara í orkuskipti í samgöngum. Helst viljum við þó flesta út úr bifreiðunum á lappir og hjól, enda vegalengdir í lágmarki innanbæjar á Akureyri.

Í Eyjafirði hefur svo verið plantað ógrynni af trjám síðustu áratugi sem hjálpar mikið upp á kolefnisbókhaldið og ættu þau að hirða síðustu leifar kolefnis sem munu koma frá heimilum á næstu árum.

Akureyrarbær og Norðurorka stofnuðu fyrirtækið Vistorku ehf. í maí á þessu ári. Tilgangur félagsins er meðal annars að vinna að markmiðinu um kolefnishlutlaus bæjarfélag. Hvetjum við bæjarbúa og aðra landsmenn að fylgjast með framgangi mála á Facebook og vefsíðu félagsins.

# Aðför mennta- og menningarmálaráðuneytis að heilsu og velferð íslenskra ungmenna



Erlingur Jóhannsson prófessor í þrótt- og heilsufræði Menntavísindasviðs, Háskóla Íslands Laugarvatni



**Niðurstöður rannsókna gefa tilefni til þess að auka, frekar en að draga úr, tækifæri framhaldsskólanema til hreyfingar og heilsuræktar.**

Í kjölfar styttingar framhaldsskólans í þrjú ár hefur mennta- og menningarmálaráðuneytið lagt til róttækar breytingar á umfangi námsgreina í nýrri aðalnámskrá framhaldsskóla. Gert er ráð fyrir að umfang flestra námsgreina muni minnka um 15 til 20 prósent í kjölfar styttingar námstímans.

Frá þessu er þó sú undantekning að umfang námsgreinarinnar „Íþróttir, líkams- og heilsurækt“ minnkar um 65%. Framhaldsskólainingar í námsgreininni „Íþróttir, líkams- og heilsurækt“ voru átta í gamla kerfinu og síðar þrettán einingar þegar annað einingakerfi var tekið í notkun árið 2008. Í þessum tillögum er lagt til að einingar í „Íþróttir, líkams- og heilsurækt“ verði að lágmarki fjórar og hámarki sex.

Í fjögurra ára framhaldsskólakerfinu fengu nemendur að jafnaði tvær kennslustundir á viku í námsgreininni „Íþróttir, líkams- og heilsurækt“. Í nýjum tillögum ráðuneytisins er lagt til að framhaldsskólarnir geti skipulagt þessar sex einingar í námsgreininni þannig að nemendur fái eina kennslustund á viku í sex árin. Kennslustundum fækka enn frekar í námsgreininni ef skólastjórnendur velja að hafa fjórar námseiningar í „Íþróttir, líkams- og heilsurækt“. Framhaldsskólarnir geta sem sagt með þessu fyrirkomulagi haft alla

kennslu í „Íþróttir, líkams- og heilsurækt“ á þremur eða fjórum öðrum.

Í þessu samhengi er forvitnilegt að skoða hvernig þessum hlutum er háttað í nágrannalöndum okkar. Í Noregi hefur framhaldsskólanám í marga áratugi verið þriggja ára nám og í aðalnámskrá framhaldsskóla þar kemur skýrt fram að lögbundið sé að nemendur fái tvær kennslustundir í námsgreininni á viku öll þrjú árin í framhaldsskóla. Mennta- og heilbrigðisyfirvöld í Noregi hafa einnig lýst því yfir að þau vilji fjölga kennslustundum í námsgreininni „Íþróttir, líkams- og heilsurækt“ á komandi árum.

Þessi afstaða er mjög skiljanleg þar sem tvær tímar í heilsurækt á viku fyrir þennan aldurshóp verður að teljast algjört lágmark út frá lýðheilsusjónarmiðum, en í ráðleggingum Embættis landlæknis er lagt til að framhaldsskólarnema hreyfi sig að minnsta kosti í 60 mínútur daglega.

### Óráðlegt og óskiljanlegt

Það verður að teljast mjög óráðlegt og í raun óskiljanlegt að mennta- og menningarmálaráðuneytið leggi til að fækka kenndum stundum í þessari námsgrein umfram aðrar greinar í kjölfar styttingar náms á framhaldsskólastigi. Sérstaklega í ljósi þess að umræddar breytingar eru í hrópandi andstöðu við þá þróun sem boðuð hefur verið í menntamálum undanfarin ár þar sem

heilbrigði og velferð eru mikilvægar stóðir. Í þessu samhengi er skólakerfið mikilvægur vettvangur til að fylgja eftir þessum markmiðum og stuðla að jákvæðari þróun.

Þessar tillögur eru einnig mjög á skjön við niðurstöður rannsókna á heilsu, hreyfihegðun og velferð íslenskra framhaldsskólanema. Í nýlegri íslenskrri rannsókn sem framkvæmd var 2011 af vísindamönnum og framhaldsnemum á Menntavísindasviði HÍ var þróun og breytingar á hreyfivirkni íslenskra ungmenna skoðuð á átta ára tímabili. Í rannsókninni var hreyfing níu ára barna og fimmtán ára unglinga fyrst skoðuð 2003 og sömu einstaklingar voru svo mældir aftur þegar yngri hópurinn var 17 ára og sá eldri 23 ára. Á þessu átta ára tímabili minnkaði hreyfing beggja aldurshópa um 60%.

Þessar rannsóknarniðurstöður eru mjög sambærilegar við aðrar alþjóðarannsóknir sem sýna að hreyfivirkni ungmenna minnkar um u.þ.b. 7% á hverju aldursári. Samfara þessu eykst kyrrseta ungmenna mikið. Í þessu sambandi má nefna að samkvæmt nýlegri yfirlitsgrein kemur fram að eingöngu fimmta hvert ungmenni í Evrópu á framhaldsskólaaldri uppfyllir ráðleggingar um daglega hreyfingu. Niðurstöður rannsókna gefa tilefni til þess að auka, frekar en að draga úr, tækifæri framhaldsskólanema til hreyfingar og heilsuræktar.

Að lokum skora ég á menntamálaráðherra og samstarfsfólk hans að endurskoða þessar tillögur og setja fram nýjar sem byggja á þeim veruleika sem ungt fólk lifir við í nútíma þjóðfélagi. Sennilega er enn mikilvægara nú en áður að standa vörð um heilsu og velferð íslenskra ungmenna.

## Hryðjuverkastarfsemi íslamista



Stefán Karlsson stjórnmálafræðingur og guðfræðingur

Eina ástæðuna fyrir þeirri hrinu hryðjuverkastarfsemi sem hefur gengið yfir heimsbyggðina undanfarin má rekja til tilvistarkreppu íslams í nútímanum. Sú lífseiga þula að vöðaverk hryðjuverkamanna hafi ekkert með íslam að gera er röng. Vandamálið kristallast þar sem nútíminn og íslömsk trú og menning, sem byggist á fornum grunni, mætast. Sá veruleiki birtist ekki bara í Mið-Austurlöndum heldur einnig í vestræna heiminum þar sem múslimum hefur fjölgað ört á undanförnum áratugum.

Þrátt fyrir að íslamskar fjöldahreyfingar séu með milljónir hófsamra karla og kvenna innan sinna vébanda er þar einnig að finna fjölmarga íhaldssama múslima sem telja að vestræn áhrif séu síðspillandi. Þeir eiga erfitt með að fóta sig í nútímanum, bregðast við áhrifum hans eða höndla hann, og sjá þann kost væntan að hverfa aftur til fortíðarinnar.

Þessir íslamistar óttast um trúarlega sjálfsmynd sína í samfélögum nútímans og að gagnrýnin umræða muni ná að sá fræjum efa í hjörtum manna. Til að vinna gegn áhrifunum dæma þeir samfélög sín til sjálfskipaðrar einangrunar í ákveðnum hverfum evrópskra borga þar sem þeir leitast við að framfylgja ævafornum lífsháttum og viðhorfum. Þar lifa margir

múslimar lífi sem er nánast algerlega aðskilið hversdagslífi annarra í samfélaginu og neita að aðlagast.

Innan þessara samfélaga vænisýki og aðskilnaðar eru fjölmargir sem halda á lofti úreltum hugmyndum um réttindi kvenna, menn sem telja að réttindi samkynhneigðra séu óguðleg, láta sig tjáningarfrelsi litlu skipta og ala á skipulögðu gyðingahatri. Í sumum moskum kynda ófgafullir múslimar undir hatrí á því umhverfi sem þeir telja ógna sér og boða heilagt stríð og heimsyfírrað. Í því skyni halda þeir á lofti herskám tilvitnunum úr Kóraninum á kostnað þeirra fríðsamlegu þar sem stríð og ofbeldi eru vegsömuð og skipað er fyrir um dráp á vantrúuðum.

### Sjálfskipuð einangrun og fíring

Skýringarinnar á uppgangi íslamista og hatrí þeirra á Vesturlöndum er frekar að leita í þessari sjálfskipuðu einangrun, fíringu og íhaldssamri kredduhyggju en í yfirdrottunarstefnu vestrænna stórvelda þó að hún sé notuð sem átylla. Ekki er ósennilegt að þetta hatur endurspeglar viðbrögð ráðandi afla á meðal múslima, viðbrögð sem stafa af ótta við að allar breytingar raski högum þeirra og hagsmunum. Til að verja stöðu sína ala þeir á skipulegri andúð á Vesturlöndum og vestrænum gildum í sumum moskum sem ungt fólk er sérstaklega móttækilegt fyrir.

Þessi boðskapur er rötin að hryðjuverkastarfsemi þar sem ungir múslimar stiga yfir mörk hins síðlega og grípa til þess ráðs að drepa. Það er sárgætilegt að fólk á Vesturlöndum sem telur sig tilheyra frjálslyndari armi stjórnmálanna og jafnvel vestrænir femínistar skuli slá skjaldborg um þennan hugmyndaheim kredduhyggju og kvennakúgunar



**Það eru ekki allir múslimar íslamistar. Fjölmargir þeirra vilja lifa með öðrum hætti en þeir sem eru fastir í trúarlegu og stöðnuðu feðraveldisfyrirkomulagi.**

með því að stimpla alla þá sem vilja gagnrýna hann sem rasista.

Það eru ekki allir múslimar íslamistar. Fjölmargir þeirra vilja lifa með öðrum hætti en þeir sem eru fastir í trúarlegu og stöðnuðu feðraveldisfyrirkomulagi. Þessir múslimar bída mestan skaða af íslamskri ófgahyggju. Þeir þurfa að fara að líta í eigin barm, átta sig á hver hinn eiginlegi óvinur þeirra sé og beina bræði sinni að þeim sem raunverulega eru að kúga þá í stað þess að festa sig eingöngu í orðræðu um glæpi Vesturlanda. Þeir þurfa að snúa baki við boðberum hatursins og gera upp við sig hvers konar íslam þeir vilja lifa við.

Salman Rushdie telur að umbóta-hreyfingu þurfi til að laga mikilvægustu trúarsetningar íslams að samfélögum nútímans, múslímsk síðaskipti til að berjast gegn þeim hugmyndafræðingum sem boða heilagt stríð (jihad) og hatur. Það þurfi ný fræði í stað bókstafstrúarlegra kennisettinga og kredduhyggju sem þjáki hugsun margra múslima nú á dögum. Fyrst í stað sé tímabært að múslimar læri um opinberunina í trúarbrögðum sínum sem sögulegan atburð en ekki atburð sem sé hafinn yfir vísindalega söguskoðun á einhvern yfirsíðlegan hátt.



# ÖVERLÖP

# MONDAY

## AÐEINS Í VEFVERSLUN

Kælisþápar  
**20%**  
afsláttur

Borðspil  
**20%**  
afsláttur

# ELKO.IS

Snjallur  
**10%**  
afsláttur

Heyrnartöl  
**20%**  
afsláttur

WiFi 100Hz skjár 65"

**GRUNDIG**  
LED SNJALLSJÓNVARP

10 stk.

Verð áður: 249.995

**179.995**

65VLE8460BP

**Þú sparar 70 þúsund**



**SYMA**  
X5C EXPLORERS DRÓNI

Með myndavél

20 stk.

Verð áður: 19.995

**12.995**

DROX5C

**35% afsláttur**



**SONY**  
DVD SPILARI

50 stk.

Verð áður: 10.995

**6.995**

DVPSR760HB

**36% afsláttur**



**LG**  
ÞVOTTAVÉL

30 stk.

Verð áður: 84.995

**59.995**

F14AW7

A+++ 7 1400  
Orkufl. Kg Snúninga

**30% afsláttur**



Minniskort  
**30%**  
afsláttur

Heimasímar  
**20%**  
afsláttur

Þvottavélar  
**20%**  
afsláttur

Kaffivélar  
**25%**  
afsláttur

Prentarar  
**20%**  
afsláttur

Herrarakvélar  
**30%**  
afsláttur

Dömurakvélar  
**30%**  
afsláttur

# ELKO

VEFVERSLUN





FRÉTTABLAÐIÐ **SPORT**

8

Allsop spilaði átta leiki með Hetti áður en hann fór aftur til Englands.

3

Allsop hóf tímabilið sem þriðji markvörður Bournemouth en fékk tækifæri í 14. umferð.

Ryan Allsop fór úr íslensku 1. deildinni í ensku úrvalsdeildina á þremur árum. Hér ver hann af stuttu færi gegn Romelu Lukaku í leiknum á laugardaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Þakklátur öllum á Egilsstöðum

Enski markvörðurinn Ryan Allsop spilaði sinn fyrsta leik í ensku úrvalsdeildinni um helgina fyrir Bournemouth í mögnuðu 3-3 jafntefli gegn Everton. Allsop spilaði fyrir þremur árum með Hetti á Egilsstöðum og hefur náð langt á skömmum tíma. Í viðtali við Fréttablaðið segir hann að sig dreymi um landsliðssæti.

Tómas Þór Þórðarson  
tomas@365.is



**FÓTBOLTI** Saga enska úrvalsdeildarliðsins Bournemouth er stúf full af rómantík. Fyrir fimm árum var liðið á botni D-deildarinnar en Eddie Howe, einn yngsti stjórinn í úrvalsdeildinni, er búinn að koma liðinu upp í efstu deild. Í stóru sögunni eru svo margar smásögur og ein tengist Íslandi.

Þegar Adam Federici, markvörður Bournemouth, þurfti að fara af velli í mögnuðu 3-3 jafntefli gegn Everton á heimavelli á laugardaginn kom inn á 23 ára gamall strákur að nafni Ryan Allsop. Allsop hefur líkt og Bournemouth náð langt á skömmum tíma, en fyrir aðeins þremur árum var hann að spila með Hetti í 1. deildinni á Íslandi.

„Ég kom til Íslands til að halda mér í leikformi 2012 og spila alvöru fótbolta í meistaraflokk. Mig skorti reynslu og ég taldi að það að koma til Íslands myndi koma ferlinum af stað á Englandi,“ segir Ryan Allsop í viðtali við Fréttablaðið. Hann hafði svo sannarlega rétt fyrir sér þar.

Allsop var hinn kátasti þegar blaðamaður spjallaði við hann í gær enda nýbúinn að ná einu helsta markmiði enskra fótboltamanna: Að spila í ensku úrvalsdeildinni. Hann kom inn á í hálfleik í stöðunni 2-0 fyrir Everton en eftir svakalega rússíbanareid endaði leikurinn 3-3. Everton skoraði, 3-2, á fimmtu mínútu í uppbótartíma en nýliðarnir jöfnuðu metin með síðustu spyru leiksins.

„Ég reyndi bara að líta á þetta sem hvern annan leik,“ segir Allsop, aðspurður hvernig tilfinningin var þegar þjálfarinn sagði honum að hann þurfti að spila seinni hálf-

leikinn vegna meiðsla aðalmarkvarðarins.

„Þetta var ótrúlegur leikur og svona er fótboltinn. Það eru hæðir og lægðir í þessu. Það var svo auðvitað ótrúleg tilfinning að ná jöfnunarmarki svona seint,“ segir hann.

## Fullorðnaðist á Íslandi

En aftur að Íslandi. Allsop kom upp í gegnum unglingsstarf West Bromwich Albion en var á mála hjá Millwall þar sem hann fékk ekkert að spila. Honum bauðst þá að fara til Hattar á Egilsstöðum og spila með nýliðunum í 1. deild karla sumarið 2012.

„Þetta kom upp á rosalega mikilvægum tímabili á mínum ferli,“ segir Allsop. „Ef ég á að vera heiðarlegur vissi ég ekki mikil um hvert ég væri að fara þegar ég lagði af stað til Íslands. Ég vildi bara prófa eitthvað öðruvísi og spila fótbolta. Þegar upp var staðið get ég ekki imyndað mér að þetta gæti heppnast betur.“

Allsop var alveg magnaður í marki Hattarmanna og tóku margir fótboltaáhugamenn hér heima eftir frammi-stöðu hans þrátt fyrir að Allsop spilaði aðeins átta leiki. Hann var langbesti markvörður 1. deildarinnar þann tíma sem hann spilaði hér heima.

Með Englendinginn í markinu safnaði Höttur 10 af 21 stigi sínu og fékk aðeins á sig að meðaltali 0,75 mörk í leik (6 í 8 leikjum). Eftir að Allsop fór spiluðu þrjár aðrir í marki Hattar í leikjunum fjórtán sem eftir voru og fékk liðið þá 2,35 mörk á sig að meðaltali í leik. Höttur féll á endanum úr deildinni.

„Ég fullorðnaðist á Íslandi mjög fljótt. Ég var líka svo langt að heiman að það var eitthvað sem ég þurfti að gera,“ segir Allsop sem heldur enn

●● **Það skemmtilega við samfélagsmiðla er að ég get fylgst með vinum mínum á Íslandi.**

Ryan Allsop, markvörður Bournemouth

sambandi við fólk sem hann kynntist fyrir austan. Þjálfari hans á þeim tíma, Eysteinn Húni Hauksson Kjerúlfr, fær sérstakar þakkir frá nýjasta úrvalsdeildarleikmanninum.

„Það skemmtilega við samfélagsmiðla er að ég get fylgst með vinum mínum á Íslandi. Ég verð ævinlega þakklátur öllum á Egilsstöðum fyrir gestrisnina. Ég get ekki talað nógu vel um fólk þarna. Eysteinn Hauksson, þjálfarinn minn, var maður sem hjálpaði mér mikil. Ég á honum mikil að þakka fyrir að treysta mér og gefa mér þetta tækifæri,“ segir Allsop.

## Gafst ekki upp

Leyton Orient, sem spilaði í C-deildinni á Englandi tímabilið 2012/2013, fékk veður af hinum þá tvítuga Allsop og hvernig hann var að standa sig á Íslandi. Allsop hvarf af landi brott eftir stutta dvöl og spilaði 20 leiki með Leyton fyrir júl áður en Bournemouth fékk hann á frjálsri sölu í janúar 2013. Þar hélt hann áfram að spila og kláraði tímabilið með liðinu sem hann er sammingsbundinn nú.

Allsop hjálpaði Bournemouth að komast úr C-deildinni og upp í B-deildina en eftir að spila 12 affyrstu 13 leikjum liðsins tímabilið 2013/2014 missti hann sæti sitt og var lánaður til Coventry.

„Við byrjuðum illa sem lið þá tímabilið. Það var stórt skref fyrir liðið að fara upp um deild og það tók okkur tíma að aðlagast. Það voru tvær

ástæður fyrir að ég missti sætið mitt; ég var ekki að spila nógu vel og svo fékk ég virkilega háan hita sem hélt mér frá æfingum og leikjum í átta vikur. Bournemouth fékk annan markvörð inn þannig að ég gat ekki fengið sætið mitt aftur,“ segir Allsop sem gafst ekki upp og stóð sig vel með Coventry.

„Ég var bara ánægður með fara á láni. Ég var ekki að spila hjá Bournemouth þannig ég þurfti að komast eitthvað annað. Það besta fyrir minn feril á þessum tíma var að spila reglulega,“ segir Allsop.

## Landsliðið draumurinn

Allsop var ekki sendur á láni þetta tímabilið þrátt fyrir að hefja leiktíðina sem þriðji markvörður. „Ég skrifaði undir nýjan samning við Bournemouth og vildi berjast um að koma mér ofar í goggunarröðunina. Í fótbolta getur allt gerst þannig að maður getur alltaf fengið tækifæri,“ segir Allsop en það sannaðist á laugardaginn.

En hver er framtíðin, býst hann við að standa á milli stanga Bournemouth um næstu helgi og og jafnvel lengur? „Hver veit? Hlutirnir breytast svo fljótt í fótboltanum þannig að maður verður bara að takast á við það sem kemur upp. Auðvitað vil ég spila í úrvalsdeildinni eins lengi og ég get. Við sjáum til hvað gerist í þessari viku,“ segir Allsop.

Markvörðurinn ungi á mikil eftir á sínum ferli. Hann er fullur sjálfs-trausts og segir stóra drauminn vera að spila fyrir enska landsliðið.

„Ég hef alltaf haft mikla trú á mínum hæfileikum. Þetta snýst um að nýta tækifærið. Það væri draumur að fá að spila fyrir sína þjóð. Það er eitthvað sem alla dreymir um að gera,“ segir Ryan Allsop.

## Nýjast

### Enska úrvalsdeildin

Aston Villa	2–3	Watford
Bournemouth	3–3	Everton
C. Palace	5–1	Newcastle
Man. City	3–1	Southampton
Sunderland	1–1	Swansea
Leicester	1–1	Man. Utd
Tottenham	0–0	Chelsea
Norwich	1–1	Arsenal
Liverpool	1–0	Swansea

### Efst

Man. City	29	Norwich	13
Leicester	29	Sunderland	12
Man. Utd.	28	Bournem.	10
Arsenal	27	Newcastle	10
Tottenham	25	Aston Villa	5

### Neðst

### Hvað gerði Gylfi?

Gylfi Þór Sigurðsson var í byrjunarliði Swansea gegn Liverpool þar sem velska liðið tapaði. Gylfi hafði frekar hægt um sig en tók að vanda öll föst leikatriði Swansea.

**Stærstu úrslitin** Sam Allardyce heldur áfram að sanna gildi sitt í ensku úrvalsdeildinni. Sunderland vann annan leikinn í röð er það lagði Stoke og er nú komið upp úr fallsæti.

### Hetjan Jamie Vardy

tryggði Leicester eitt stig með marki gegn Man. Utd. Þótt það séu kannski ekki beint hetjutilburðir þá bætti Vardy met Ruud van Nistelrooy um helgina og er nú búinn að skora í ellefu leikjum í röð í deildinni.



**Kom á óvart** Arsenal var vissulega án sigurs í tveimur síðustu leikjum en það bjuggust fæstir við að Kanarífuglarnir myndu ná stigi af Arsenal.

### 🐦 Fékk gæsaúð þegar

**Hendo kom inná. Gerði eitthvað fyrir mig. Welcome back son. #YNWA**

Heiðar Austmann  
@Haustrmann

### Domino's-deild kvenna

#### Grindavík - Hamar 102-48

**Grindavík:** Whitney Frazier 24/, Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 22, Ingunn Kristinardóttir 13, Björg Guðrún Einarsdóttir 11, Halla Garðarsdóttir 10/8 fráköst, Íris Sværissdóttir 9.

**Hamar:** Jenný Harðardóttir 11, Salbjörg Ragna Sævarsdóttir 10, Suriya McGuire 6/4 fráköst, Nina Kristjánsdóttir 6, Margrét Hrund Arnarsdóttir 4.

#### Keflavík - Stjarnan 75-52

**Keflavík:** Melissa Zorning 17, Sandra Prastardóttir 13, Briet Hinriksdóttir 11, Thelma Dis Ágústadóttir 8, Guðlaug Júlíusdóttir 7, Þórunna Kíka6, Emelía Ósk Gunnarsdóttir 6.

**Stjarnan:** Margrét Kara Sturludóttir 20/8 fráköst, Ragna Margrét Brynjarsdóttir 15/8 fráköst, Bryndís Hanna Hreinsdóttir 13.

#### Snæfell - Haukar 75-65

**Snæfell:** Haiden Denise Palmer 43/14 fráköst/5 stoðsendingar, Bryndís Guðmundsdóttir 16/6 fráköst, María Björnsdóttir 5, Hugrún Eva Valdímarsdóttir 5.

**Haukar:** Pálína Gunnlaugsdóttir 20 Helena Sværissdóttir 19, Sýlvía Hálfðanardóttir 9

**Staðan:** Haukar 16, Snæfell 14, Grindavík 10, Keflavík 8, Valur 6, Stjarnan 4, Hamar 2.

## Í dag

**Coca Cola-bíkar karla í handbolta**  
**18.00 Stjarnan - Akureyri** TM-höllin  
**19.30 Grótta - FH** Hertz-höllin  
**19.30 Afturelding - Víkingur** Varmá

**17.55 Sassuolo - Fiorentina** Sport  
**19.55 Napoli - Inter** Sport  
**21.00 Messan** Sport 2



# FÓLK

KYNNINGARBLAD



## GJAFABRÉF TIL GÓÐS

Gjafabréf eru tilvaldar jólagjafir. Sannar gjafir UNICEF eru síðan gjafabréf sem koma þurfandi börnum um heim allan til góða. Síða 2 og 3

natures aid

## Trim-It

Þyngdarstjórnun

Frábær blanda sem eykur brennslu og örvar meltingu

Nýtt

Gengur þér illa að léttast!

120 SOFTGELS

Fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og stórmörkuðum.



## ELTIST EKKI VIÐ DÝRA HÖNNUN

**INNLIT** Falleg hönnun skiptir Írisi Björk Jónsdóttur miklu máli. Lenny Kravitz er uppáhaldshönnuður hennar og vænst þykir henni um svefnherbergið sitt.

Íris Björk Jónsdóttir er eigandi skartgripafyrirtækisins Vera Design og hefur auk þess mikinn áhuga á innanhúshönnun eins og fallett heimili fjölskyldunnar ber vitni um. Fallett hönnun snýr þó ekki bara að heimili hennar heldur skiptir hún Írisi Björk miklu máli í flestum þáttum hins daglega lífs að eigin sögn. „Ég er frekar ferköntuð og kannski leiðinleg að því leyti að það er ekki auðvelt fyrir fjölskylduna og vini að gefa mér eitthvað til heimilisins eða fatatengt. Þetta þýðir þó alls ekki að ég sé að eltast við dýra hönnun út um allan bæ. Oft er nefnilega

ekkert samasemmerki milli verðmiðans og fagurfræðinnar að mínu mati.“

### SMÁ HÓTELFILINGUR

Svefnherbergi Írisar Bjarkar er í algjöru uppáhaldi en þar ríkir pínulítil hótelfilingur að hennar sögn. „Þar má til dæmis finna flatskjá og fleiri hluti en það vantar bara minibarinn til að ná original hótelfilingnum. Þarna næ ég að hlaða batterið í víðum skilningi.“

Íris Björk hefur hannað og byggt nokkur fallett hús þar sem mikil áhersla er lögð á að öll rýmin séu rúmgóð og lítið um „stæla“ í hönnuninni. „Það má segja að

### FALLEGIR MUNIR

Kertastjaki frá Arne Jacobsen í glugganum er gjöf frá kærastanum. Legubekkurinn og Jazz sófinn hafa fylgt Írisi í mörg ár. Á veggnum hangir uppáhaldsmálverk Írisar, 88 andlit Jesú. MYNDR/ANTON

Framhald á síðu 4 ▶

**GEZE**

## Rafdrifnir gluggaopnarar

Rafdrifnir opnarar á glugga, þar sem erfitt er að komast að. Rofastýrðir - 220v.

Járn & Gler hf. - Skútuvogur 1h. Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík S: 58 58 900. www.jarngler.is

Vertu þú sjálf, vertu belladonna

Stærðir 38-58

Verslunin Belladonna

**belladonna**

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

## HLEÐSLUTÆKI

Hleður og vaktar rafgeyminn þinn í vetur.

Tilvalin jólagjöf

15% Jólaafsláttur af þessum frábæru hleðslutækjum

12v 0,8A

12v 5,5A

**SKORRI**

TUDOR SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM TUDOR

Bíldshöfða 12 - 110 Rvík. - 5771515 - www.skorri.is

## HITA KÚTAR

Amerísk gæða framleiðsla

30-450 lítrar

Umboðsmenn um land allt

## RAFVÖRUR

DALVEGI 16c • 201 KÓPAVOGI  
SÍMI 568 6411 • RAFVORUR@RAFVORUR.IS



# GJAFIR SEM BÆTA LÍF BARNNA

**GOTT MÁLEFNI** Sannar gjafir UNICEF eru lífsnauðsynleg hjálpargögn fyrir bágstödd börn. Gjafirnar eru keyptar í nafni þeirra sem á að gleðja. Viðtakandi fær gjafabréf með mynd og lýsingu á gjöfinni og vitneskjuni um að hún muni koma börnum í neyð til góða.

UNICEF og samstarfsaðilar hafa náð ótrúlegum árangri undanfarna ára-tugi. Aldrei hafa fleiri börn gengið í skóla, stórlega hefur dregið úr barnadaða, margfalt fleiri börn fá meðferð við HIV en áður og fleiri hafa aðgang að hreinu vatni nú en nokkru sinni fyrr. Á sama tíma ríkir mikil neyð víða í heiminum. Mikill fjöldi barna er á flótta og fer á mis við menntun og reglubundna heilsugæslu,“ segir Helga Ólafsdóttir, verkefnastýra hjá UNICEF á Íslandi, Barnahjálpi Sameinuðu þjóðanna.

Því telur hún sannarlega mikla þörf á að styðja við þurfaði börn um allan heim. Ein leið til þess er að styðja við baráttu UNICEF. „Við erum á vettvangi í yfir 190 löndum og leggjum áherslu á að ná til allra barna, hvar sem þau eru,“ segir Helga.

## GJAFIR SEM BJARGA LÍFI

Sannar gjafir eru ein leið til að styrkja starf UNICEF. „Sannar gjafir eru lífsnauðsynleg hjálpargögn á borð við bóluefni, teppi, jarðhnetumauk, moskítónet og vatnshreinsitöflur. Að auki er hægt að kaupa gjafabréf upp á ýmislegt nyttsamlegt eins og námsgögn, reiðhjól og ungbarnavígt,“ telur Helga upp.

Fólk getur keypt sannar gjafir á netinu. Þær eru síðan sendar úr birgðageymslu UNICEF þangað sem þörfin er mest hverju sinni. „Flest hjálpargögnin fara til fátækustu ríkjanna eða þar sem stríð og náttúruhamfarir geysa,“ segir Helga og nefnir þar Sýrland og nágrannalönd þess, ýmis Afríkuríki og Nepal.

## VAXANDI ÁHUGI

Sannar gjafir hafa lengi verið í boði í fjölmörgum löndum. „Hér á landi var farið af stað með sannar gjafir fyrir nokkrum árum og við finnum fyrir sívaxandi áhuga fólks,“ segir Helga.

Hún segir skemmtilegast við sannar gjafir vera hversu marga þær gleðji í einu. „Það er auðvitað alltaf gaman að gefa, svo er gaman að fá gjafabréf með fallegri kveðju en það besta er auðvitað að börn í neyð njóti gjafanna, enda þurfa þau mest á þeim að halda.“

## VIÐ ÝMIS TÆKIFÆRI

Langmest er keypt af sönnum gjöfum um jólin. „Einstaklingar hafa keypt gjafabréfin og notað sem jólakort og jólagjafir. Þá hafa einnig nokkur fyrirtæki keypt þau í staðinn fyrir jólakveðjur og jafnvel gefið starfsmönnum í jólagjöf. Einnig hafa gjafabréfin verið send til samstarfsaðila og þá oft látin fylgja gjafakörfu eða einhverju slíku.“

Hún bendir á að fólk sem á ættingja og vini erlendis, eða Íslendingar sem búa úti, hafi sent sannar gjafir á milli landa með fallegum og hlýjum kveðjum. „Í ár bjóðum við einnig upp á gjafabréf á ensku, vegna mikillar eftirspurnar eftir því.“



Leynivinaleikir eru í gangi í fjölmörgum fyrirtækjum. Helga segir gjafabréfin vinsæl meðal leynivina. „Þá eru jólasveinarnir líka farnir að gefa bréfin í skóna og ég hef heyrt að börnin hafi gaman af því,“ segir hún.

Sannar gjafir eru þó seldar allan ársins hring og Helga segir færast í aukana að þær séu gefnar sem útskriftargjafir, brúðkaupsgjafir eða fyrir stórafmæli.

## GÓÐ LEIÐ TIL AÐ RÆÐA ERFITT MÁL

Fréttir og umræður um flóttamannastráuminn til Evrópu hefur vakið ugg í hjörtum barna. „Í haust kom til okkar lítill drengur sem leið illa yfir fréttunum sem hann hafði fylgst með. Hann keypti teppi, bóluefni og annað sem nýst gat börnum á flótta,“ segir Helga og telur að það geti hjálpað foreldrum að ræða þessi erfiðu mál við börnin sín ef þeim finnst þau geta gert eitthvað til að aðstoða, eins og að kaupa sannar gjafir.

## NÝ VEFSÍÐA

UNICEF á Íslandi hefur unnið að því að þróa nýja vefsíðu, [www.sannargjafir.is](http://www.sannargjafir.is), sem fer í loftið í vikunni. „Þar má sjá allt vöruúrvalið en ýmsar nýjungar verða í boði á borð við sjúkrakassa og neyðartjald. Þá verða þar einnig sérstakir pakkar þar sem búið er að raða saman ýmsum hjálpargögnum.“



LIBANON Börn í flóttamannabúðum í Líbanon.



ÍRAK Hinn níu ára Ibrahim reiknar í KAR skólanum í flóttamannabúðunum í Domiz í Írak.

Mikið magn af hjálpargögnum var sent til bágstaddra barna í fyrra sem keypt voru sem sannar gjafir í nafni ástvina.

Íslendingar gáfu skólagögn fyrir **7.420 börn**, auk **17 kassa sem innihalda allir námsgögn** fyrir 40 börn hver.

**93 fjölskyldur í Líberíu** fengu pakka til varnar ebólu.

**80 börn** á flótta fengu vetrarföt.

Nálægt **400 skammtar af bóluefnum** voru keyptir, moskítónet og **340 hlý teppi**.



NEPAL Hin tíu ára Rejina sippar við barnvænt svæði UNICEF í Nepal.



## Ljómandi jóladagskrá

Lifandi tónlist alla laugardaga á aðventunni.

Gjafakort Hörpu er gjöf sem gleður og gildir á alla viðburði í Hörpu.

[www.harpa.is](http://www.harpa.is)





# MYNDLISTARNÁMSKEIÐ ER GÓÐ GJÖF

**MYNDLISTARSKÓLI REYKJAVÍKURKYNNIR** Myndlistarskólinn í Reykjavík býður upp á fjölda spennandi námskeiða bæði á vor- og haustönn fyrir alla aldurshópa. Gjafabréf á myndlistarnámskeið við skólann er skemmtileg gjöf sem gleður.

Það eru mörg spennandi námskeið í boði á vorönn,“ segir Áslaug Thorlacius, skólustjóri Myndlistarskólans í Reykjavík.

„Við seljum gjafabréf á námskeið. Það er bæði hægt að kaupa ákveðið námskeið og opið bréf fyrir ákveðna upphæð. Við mælumst til að fólk byrji á grunnáfangi í teikningu. Það er undirstaða fyrir öll önnur námskeið en við hjálpum fólk að sjálfsgöðu að finna námskeið við hæfi.“

Námskeið skólans eru fyrir alla aldurshópa. Barna- og unglingadeildin er fyrir 4-15 ára nemendur, eftir það tekur fullorðinsdeildin við og fólk getur sótt skólann svo lengi sem það vill. Námskeið fyrir fullorðna fara flest fram á kvöldin en við bjóðum líka námskeið á morgnana og um eftirmiðdaginn. Flest standa í heila önn þar sem þátttakendur mæta einu sinni í viku en einnig er boðið upp á styttri námskeið, t.d. í listasögu. Kennarar við skólann eru starfandi myndlistamenn, hönnuðir og listfræðingar og námskeiðaflóran er afar fjölbreytt að sögn Áslaugar.

„Við bjóðum námskeið í teikningu, málun, vatnslitámalun, litafraeði og formfraeði. Leirrennsla og mótun eru sívinsæl námskeið. Módelteikning og módelmótun er krefjandi og skemmtilegt viðfangs-

efni og mikilvægt fyrir fólk sem ætlar sér lengra í listinni. Á vorönn er líka hægt að fara í portrettteikningu og -mótun. Við verðum með nýtt og spennandi námskeið í myndasögum og skopmynda-teikningu sem Hugleikur Dagsson og Halldór Baldursson kenna. Á laugardögum bjóðum við aðra nýjung, 6 vikna námskeið fyrir 4-6 ára börn og foreldra þeirra. Það er skemmtileg samverustund og góð jólagjöf. Við vorum að endurbæta myrakraherbergið okkar og verðum með námskeið í filmuljósmyndun, bæði unglínganámskeið og annað fyrir fullorðna. Fyrir unglíngana er margt nýtt í boði, m.a. námskeið í kvikmyndagerð og annað þar sem áhersla verður lögð á að fara lengra með teikninguna, t.d. prenta á flíkur, hjólabretti og fleira.

Skólinn heldur af og til „master class“ námskeið fyrir fagfólk, t.d. í keramik, textíl og teikningu, og alltaf er hægt að óska eftir sér-sniðnum námskeiðum fyrir hópa, til dæmis vinnustaði eða vinahópa sem vilja gera eitthvað saman. Þau geta verið stutt eða löng, allt eftir því hvað fólk vill.“

Skráning á námskeið á vorönn hefst í desember og lýkur um miðjan janúar.

„Þeir sem fá gjafabréf í jólagjöf geta nýtt það á vorönn eða næstu haustönn,“ segir Áslaug.



**FJÖLBREYTT NÁM** Áslaug Thorlacius, skólustjóri Myndlistarskólans í Reykjavík, segir fjölbreytt námskeið í boði á hverju ári.

MYND/VILHELM



## Augnhvítan

Margnota augnhitapoki



Augnhvítan er auðveld í notkun og vermir í 10 mínútur í hvert sinn. Hún er einfaldlega hituð í 30 sekúndur í örbylgjuofni og lögð yfir augun.

Ef augnhvítan er notuð tvisvar á dag með reglulegu millibili hefur hún jafnan jákvæð áhrif á hvarmabólgu (Blepharitis), vanstarfsemi í fitukirtlum, augnþurrk, vogris, augnhvarmablöðrur og rósroða í hvörmum/augnlökum.



Fæst í helstu apótekum og Eyesland Gleraugnaverslun, Glæsibæ



**ÓTELJANDI MÖGULEIKAR** Hægt er að útfæra gjafabréf með ýmsum hætti og þau geta verið ávísun á nánast hvað sem er.

## JÓLAGJÖFIN Í ÁR?

Áhugafólk um minimalískan lífsstíl heitir nýstofnaður hópur á Facebook sem þegar er skipaður rúmlega átta þúsund meðlimum. Þar deilir fólk ráðum um hvernig megi einfalda lífið í víðum skilningi og minnka bæði veraldlegt og andlegt áreiti. Þar er mikið rætt um jólin fram undan og hvernig megi draga úr jólaneyslunni og efnislegum gjöfum. Margir leggja til að gefin séu gjafabréf og þá gjarnan á einhvers konar upplifun. Hér eru nokkrar hugmyndir sem hafa verið viðraðar í hópnum. Þær eru að gjafabréfum sem er hægt að kaupa hjá hinum ýmsu fyrirtækjum og stofnunum. Auk þess má útbúa heimagerð gjafabréf upp á ýmiss konar samverustundir.

Einn helsti kostur gjafabréfa er að gjöfin lifir lengur og það er hægt að njóta hennar þegar hægist um eftir jól. Helsti ókosturinn er að þau vilja gleymast og jafnvel týnast.

### GEFÐU:

- Gjafabréf eða miða í leikhús, á tónleika, íþróttaleiki eða bíó. Þá er hægt að gefa gjafakort á [midi.is](http://midi.is), [tix.is](http://tix.is) og [harpa.is](http://harpa.is) svo dæmi séu nefnd.
- Gjafabréf á námskeið. Til dæmis hjá Mími símenntun, Endurmenntun Háskóla Íslands, Tækniskólanum, Myndlistarskólanum í Reykjavík, á handavinnunámskeið hjá Heimilisíðnaðarfélaginu og matreiðslunámskeið hjá Salt eldhúsi svo dæmi séu nefnd. Eins gjafabréf í söng- eða dansskóla.
- Gjafabréf í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn
- Gjafabréf í laser tag, Bogfimisetrið, Adrenalínsetrið, Klifurhúsið, Go-Kart, Keiluhöllina og í Smáratívoli.
- Gjafabréf á tonlist.is.
- Gjafabréf á veitingastað.
- Gjafabréf í ísbúð.
- Gjafabréf í flug.
- Gjafabréf í dekur.



# Mest seldu ofnar á Norðurlöndum

**RADSON**   
áreiðanlegur hitagjafi



10 ára ábyrgð



LÁGHITA  
MIDSTÖÐVAROFNAR



Hjá okkur eru ofnar hitamál



Gæði fara aldrei úr tísku

Dragháls 14 - 16 | Sími 4 12 12 00  
110 Reykjavík | Fax 4 12 12 01

Við kynnum nýja heimasíðu, [www.isleifur.is](http://www.isleifur.is)

## FÓLK|HEIMILI

► Framhald af forsiðu



**FAGURKERINN** Íris Björk Jónsdóttir er eigandi skartgripafyrirtækisins Vera Design og hefur mikinn áhuga á innanhúshönnun.

MYND/PORMAR VIGNIR GUNNARSSON



**KÆRLEIKUR** Búddastyttan er Írisi mjög kær og tvíburarnir á kertinu eru ljósið í lífi hennar.

„less is more“ eigi við í þessu tilfelli. Ég bara þoli ekki að sjá heimili sem eru troðin af dóti og húsgögnum og öskra kaos í andlitið á manni. Einhverjir misskildu orðið hlýlegt og tóku upp á því að troða allar hillur af stytum og blómavösum hér á árum áður. Sem betur fer eru þeir tímar liðnir... eða það vona ég.“

### LENNY Í UPPÁHALDI

Margir fallegir munir prýða heimili Írisar Bjarkar en einn er þó í sérstöku uppáhaldi. „Ég held mikið upp málverk sem nefnist 88 andlit Jesú sem ég eignaðist fyrir sextán árum síðan. Þetta verk hefur mjög persónulega þýðingu fyrir mig sem ég kannski segi frá einhvern tíma síðar.“

Uppáhaldshönnuður Írisar Bjarkar er enginn annar en rokkstjarnan Lenny Kravitz. „Hann er ekki bara stórkostlegur lagahöfundur, söngvari og hljómlistarmaður að mínu mati heldur er hann líka frábær húsgagnahönnuður. Hann stofnaði Kravitz Design árið 2003 og er í miklu uppáhaldi hjá mér.“

Það þarf ekki að kosta mikinn pening að fríkkja upp á íbúðir að sögn Írisar Bjarkar. „Það kostar til dæmis ekki mikið að mála. Bara að mála einn vegg gerir heilmikið fyrir rýmið. Einnig geta nýtt rúmteppi og koddar gert alveg helling og þarf ekki að kosta mikið.“

Sjálf er hún nýbúin að taka íbúðina sína í gegn svo það er lítið sem þarf að gera nema kannski stækka hana um eitt svefnherbergi. „Þá fengu tvíburadætur mínar aðeins meira andrými! Annars er þetta dásamleg íbúð sem rúmar okkur þrjár og kærastann minn, jafnvel þótt hún sé engir 500 fm.“



**KLASSÍK** Mooi lampinn er Írisi mjög kær.





## LANDMARK

FASTEIGNASALA

Sími 512 4900 • [landmark.is](http://landmark.is)

Landmark leiðir þig heim!



Magnús Einarsson  
Löggiltur  
fasteignasali  
Sími 897 8266



Sigurður Samúelsson  
Löggiltur  
fasteignasali  
Sími 896 2312



Sveinn Eyland  
Löggiltur  
fasteignasali  
Sími 690 0820



Íris Hall  
Löggiltur  
fasteignasali



Þórarinn Thorarensen  
Sölustjóri  
Aðstoðarmaður  
fasteignasala  
Sími 770 0309



Eggert Mariúson  
Aðstoðarmaður  
fasteignasala  
Sími 690 1472



Guðrún Dilljá Lúðvíksdóttir  
skjalagerð



Benedikt Ólafsson  
Aðstoðarmaður  
fasteignasala  
Sími 661 7788



Nadia Katrín  
Aðstoðarmaður  
fasteignasala  
Sími 692 5002



Kristján Ólafsson  
Hrl og Lögg. Fast.



Helga Snorraddóttir  
Skjalavinnsla

FASTEIGNASALAN **BÆR**  
[www.fasteignasalan.is](http://www.fasteignasalan.is)

Elín Viðarsdóttir Lögg. fasteignasali

**Þórðarsveigur 11 íb. 502 23,9m**  
Opið hús mánudaginn 30. nóv. kl. 16:00 - 16:30

**OPTÐ HÚS**

Vantar eignir á skrá Fritt verðmat

- Eignin er laus við kaupsamning
- 2ja herbergja íbúð skráð skv. Þ.Í. 51,3 fm + bílskýli
- Lyftuhús
- 5.hæð (efsta)
- Suðvestur svalir - stórkostlegt útsýni
- Rúmgott svefnherbergi
- Lyfta að bílskýli
- Falleg eign

[elin@fasteignasalan.is](mailto:elin@fasteignasalan.is) Sími: 695 8905



Húsið stendur á frábærum stað, mitt á milli Kringlunnar og Fossvogsdals. Opið hús er í dag, mánudag, frá kl. 17.30 til 18.30.

## Einbýlishús á eftirsóttum stað

Fasteignasalan Heimili hefur til sölu vandlega hannað og vel byggt einbýlishús við Furugerði í Reykjavík. Eignin er teiknuð af Helga Hjálmarssyni og vel viðhaldið í upprunalegu horfi. Opið hús er í dag, mánudag, frá kl. 17.30 til 18.30.

Um er að ræða fallegt og stórt einbýlishús sem staðsett er

miðsvæðis í Reykjavík. Húsið er skráð 241,5 fm að stærð, þar af er íbúðarrými 216,9 fm og bílskúr 24,6 fm. Eignin er á tveimur hæðum auk þess sem kjallari er undir bílskúrnum sem bætist við fyrri uppgefna stærð.

Eignin er vandlega hönnuð og vel byggð en húsið var byggt árið 1974. Húsið er teiknað af Helga Hjálmarssyni og því vel viðhaldið í upprunalegu horfi að miklu leyti.

Á efri hæð eignarinnar eru forstofa, forstofuherbergi, gestasalerni, stofur, eldhús og

þvottahús. Á neðri hæð hússins eru fjögur svefnherbergi, sjónvarpshol og stórt baðherbergi.

Stórar flísalagðar svalir eru á suður- og vesturhlíð hússins og afar fallegur garður. Einstök heildarhönnun er að innan með einkennum höfundar. Vandaðar innréttingar og gólfefni að öllu leyti.

**Allar nánari upplýsingar veitir Bogi Molby Pétursson, löggildur fasteignasali, í s: 699-3444 / 530-6506 og í bogi@heimili.is.**

**BERG** FASTEIGNASALA

Háholt 14, Mosfellsbær  
Sími: 588 5530 • [berg@berg.is](mailto:berg@berg.is) [www.berg.is](http://www.berg.is)  
GSM 897 0047

Pétur Pétursson  
lögg. fasteignasali  
[Petur@berg.is](mailto:Petur@berg.is)



heimili  
fasteignasala  
- á traustum grunni



Bogi Pétursson  
lögg. fasteignasali



Finnboogi Hilmarsson  
lögg. fasteignasali



Guðbjörg G. Blöndal  
lögg. fasteignasali



Erla Dröfn Magnúsdóttir  
Lögráðingur



Jón Bergsson hdl. og lögg. fasteignasali



Brynjólfur Snorrason




Gunnlaugur A. Björnsson



Ásdís Irena Sigurðardóttir

Finndu okkur á Facebook

### Furugerði 10 - Einbýli - Opið hús



Opið hús í dag kl 17:30-18:30.

Vandlega hannað og vel byggt einbýlishús. Húsið er teiknað af Helga Hjálmarssyni og því verið viðhaldið í upprunalegu horfi að miklu leyti. Húsið er skráð 241,5 fm. Íbúðarrými 216,9 fm og bílskúr 24,6 fm. Byggingarár 1974. Húsið reynist þó nokkuð stærra og einnig er kjallari undir bílskúrnum. Einstakt hús miðsvæðis í Reykjavík. V. 90,0 m. Upplýsingar veitir Bogi gsm 6993444.



#### Drastarás - 3ja - 4ra herb.

Glæsileg 102 fm íbúð á 2. hæð í 3. hæða fjölbýlishúsi. Tvö svefnherbergi auk geymslu innan íbúðar sem einnig er notuð sem herbergi. Rúmgóð stofa. Parket og flísar á gólfum og vantaðar innréttingar. Upplýsingar veitir Erla, [erla@heimili.is](mailto:erla@heimili.is).



#### Hraungata 1 - Nýjar íbúðir

Til sýnis og sölu vandað og vel hannað átta íbúða lyftuhús á góðum útsýnisstað í Urriðaholti. 3ja og 4ra herbergja íbúðir allar með staði í opnu bílskýli, stærðir 118-176 fm. Bjartar íbúðir með stórum svölum, vönduðum innréttingum, tækjum og gólfefnum að hluta. Nánari upplýsingar og teikningar á skrifstofu.



#### Vantar eignir á söluskrá

Við leitum eftir öllum tegundum fasteigna og höfuðborgarsvæðinu á söluskrá okkar. Mikil eftirspurn og fjöldi kaupenda skráðir hjá okkur. Við veitum nú sem áður góða og faglega þjónustu á traustum grunni. Hafðu samband við okkur og við seljum fyrir þig.



#### Vesturbætt - 4ra herb

Mikið endurbætt 4 herbergja, 101,6 fm íbúð á 4 hæð í stigahúsi. Þrjú svefnherbergi og góð stofa. Vestur svalir með miklu útsýni. Sérgeymsla og sameiginlegt þvottahús á jarðhæð. Snrytileg sameign. Laus til afhendingar. 24,9 m. Lyklar á skrifstofu.



#### Boðaping 1-3 - Fyrir 55+

Glæsilegt nýtt hús sem er í byggingu, stærðir íbúða frá 91-172 fm. Afhentar fullbúnar næsta vor, án gólfefna. Verð frá 29,5 millj. Frekari upplýsingar og bækling má fá á skrifstofu Heimili.



#### Þórðarsveigur - 4ra herb.

Góð 4ra herbergja, 113 fm íbúð á efstu hæð með séringangi. Meðfylgandi staði í lokuð bílskýli, yfirbyggðar svalir, stór geymsla í sameign ásamt vagna- og hjólageymslu. Parket og flísar á gólfum og eikarinnréttingar. Gott útsýni og órutt í leik- og barnaskóla ásamt íþróttasvæði Fram. Upplýsingar veitir Bogi s 6993444





**FASTEIGNA  
MARKAÐURINN ehf.**



**Jón Guðmundsson**  
Lögg. fasteignasali  
jon@fastmark.is



**Guðmundur Th. Jónsson**  
Lögg. fasteignasali  
gtj@fastmark.is



**Gísli Rafn Guðfinnsson**  
Sölumaður  
gisli@fastmark.is



**Heimir Fannar Hallgrímsson**  
hdl. og lögg. fasteignasali  
heimir@fastmark.is



**Elín D. Wyszomirski**  
Lögg. fasteignasali  
elin@fastmark.is



**Magnús Axelsson**  
Lögg. fasteignasali  
magnus@fastmark.is



**Hallveig Guðnadóttir**  
Skrifstofustjóri  
hallveig@fastmark.is

Óðinsgötu 4, Sími 570 4500, opið virka daga kl 9 – 17.  
Netfang: fastmark@fastmark.is – www.fastmark.is

## Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

Óskum eftir öllum stærðum  
og gerðum eigna á söluskrá.

Skoðum og metum samdægurs.

Sanngjörn sölubóknun.

Vesturbær – Seltjarnarnes  
125-150 fm. sérhæð óskast.

Kirkjusandur  
íbúð óskast fyrir traustan kaupanda

### Dimmuhvarf - Kópavogi.



Afar vandað 396,7 fm. einbýlishús með tvöföldum bílskúr. Sérsmíðaðar innréttingar eru í öllu húsinu, eldhúsi, arinstofu og herbergjum, ýmist úr hnotu eða hvítsprautaðar. Arinstofa, borðstofa, sjónvarpssvæði og eldhús eru í opnu svæði með 2,8 upp í 3,4 metra lofthæð. 5 herbergi, eitt hannað sem vinnuherbergi, 3 barnaherbergi og hjónaherbergi með fataherbergi og sér baðherbergi innaf. Auk þess eru 2 önnur baðherbergi í húsinu. Grasflatir eru litlar og upphaflegur náttúrugróður látin halda sér víðast hvar.

**Verð 125,0 millj.**

### Frostaskjól. Glæsilegt Raðhús.



Virkilega glæsilegt og mikið endurnýjað 286,5 fm. raðhús á þremur hæðum með innbyggðum 21,1 fm. bílskúr við Frostaskjól. Eignin hefur verið mikið endurnýjuð á undanförunum árum, m.a. eldhúsinnréttingar og tæki, gólfefni, innihurðir, baðherbergi o.fl. Mikil lofthæð er á efri hæð hússins og falleg viðarklæðning er í loftum. Fjögur herbergi auk fjölskyldurými. Lóðin er fullfrágengin með hellulagðri innkeyrslu með hitalögnum undir og bilastæði fyrir tvo bíla. Á baklóð er skjólsæl verönd.

**Verð 85,0 millj.**

### Hlíðarás - Hafnarfirði. Einbýlishús á útssýnisstað.



Glæsilegt 289,6 fm. einbýlishús á tveimur hæðum að meðtöldum 45,4 fm. bílskúr. Húsið stendur á útsýnisstað við opið óbyggt svæði. Mikils útsýnis nýtur úr stofum til norðurs og útgengi er á stórar svalir með glerhandriði til norðurs og vesturs. Aukin lofthæð er á báðum hæðum og extra háar innihurðir. Gólfhiti er í húsinu.

Húsið að utan er tilbúið undir málningu.

Lóðin er 837,2 fermetrar að stærð, grófiöfnuð.

**Verð 86,9 millj.**

### Rjúpnahæð – Garðabæ.



Afar vandað 242,9 fm. einbýlishús á tveimur hæðum með 4-5 svefnherbergjum og glæsilegum stofum á fallegum útsýnisstað. Gólfíðir gluggar á stofum og eldhúsi efri hæðar og tvennar svalir. Húsið er klætt að utan með áli og gluggar í húsinu eru ál/tré. Lumex sá um að teikna lýsingu í húsið og er mikið lagt uppúr henni. Allir innveggir hússins eru hlaðnir. Innbyggður 38,3 fm. bílskúr með góðri lofthæð og gluggum.

Húsið skilast fullfrágengið að utan, en að innan skilast húsið tilbúið undir innréttingar, en þó verður ekki búið að sparsla og mála húsið að innan.

### Langagerði.



Vel staðsett 114,6 fm. einbýlishús, hæð og ris á þessum eftirsóta stað í Smábúðahverfinu.

Bílskúrsréttur fylgir eigninni. Samliggjandi stofur. Fjögur herbergi. Lóðin er ræktuð og með hellulagðri verönd. Við inngang hússins er stór flisalagður pallur. Hiti er í palli og í flisalögðum úttröppum.

Eignin er afar vel staðsett efst í botnlanga.

**Verð 47,5 millj.**

### Naustavör 8 – 12, Kópavogi. Nýjar íbúðir.



Um er að ræða 3ja hæða hús við Naustavör. Íbúðirnar eru 2ja, 3ja og 4ra herbergja frá 87,5 fm. upp í 153,9 fm. og verða með vönduðum íslenskum innréttingum frá Brúnás og vönduðum AEG eldhústækjum. Íbúðirnar eru ýmist með góðum svölum eða stórum timburveröndum. Stæði í bilageymslu fylgja öllum íbúðum. Sjávarútsýni er úr flestum íbúðum.

Íbúðirnar verða afhentar án gólfefna, þó verða flisar á baðherbergjum og þvottahúsum.

Byggingaraðili er: Byggingarfélag Gylfa og Gunnars.

### Langalína - Sjálandi Garðabæ. Rúmgóð íbúð með tvennum svölum.



Mjög falleg 106,7 fm. íbúð á 1. hæð að meðtöldri 7,9 fm. geymslu í nýlegu lyftuhúsi, ásamt sér bíla-stæði í lokaðri bilageymslu.

Um er ræða óvenju rúmgóða íbúð með fallegum samstæðum eikarinnréttingum og parketi og flisum á gólfum. Mjög stórir og bjartir gólfíðir gluggar í stofu og eldhúsi.

Tvennar svalir aðrar mjög stórar.

**Verð 38,7 millj.**

### Efstaleiti – „Breiðablik“. Útsýnisíbúð á efstu hæð.



4ra herbergja 154,3 fm. á 3. hæð (efstu) í glæsilegu fjöleignarhúsi miðsvæðis í Reykjavík.

Samliggjandi stórar stofur með útgengi á svalir til suðurs, sjónvarpsherbergi innaf stofum, rúmgott hjónaherbergi og skrifstofuherbergi. Sérmerkt bíla-stæði í bilageymslu og hlutdeild í mikilli sameign. Á hverri hæð hússins eru setustofur, lagðar náttúrugrjóti, bjartar og rúmgóðar.

Húsvörður er búsettur í húsinu. Lóðin er glæsileg með sundlaug, heitum pottum o.fl.

**Verð 57,9 millj.**



# VINDAKÓR 10 – 12, KÓPAVOGI.

NÝJAR 4RA OG 5 HERBERGJA ÍBÚÐIR.

Glæsilegt fjölbylíshús við Vindakór 10 – 12 í Kópavogi.

Íbúðirnar sem eru 4ra og 5 herbergja eru frá 113,6 fm til 144 fm.

Íbúðirnar eru innréttaðar með HTH innréttingum og vönduðum AEG eldhústækjum og eru ýmist með góðum svölum eða stórum timburveröndum.

Stæði í bílageymslu fylgir flestum íbúðum.

Íbúðirnar verða afhentar án gólfefna, þó verða flísar á baðherbergjum og þvottahúsum.

Byggingaraðili er: Byggingarfélag Gylfa og Gunnars.



## LINDARGATA

### Lindargata. Glæsileg 3ja herbergja – laus strax.

Ný og glæsileg 97,7 fm. íbúð á 2. hæð með rúmgóðum suðursvölum að meðtöldri sér geymslu og sér bílastæði í bílageymslu við Lindargötu 39. Íbúðin er ný og aldrei hefur verið búð í henni. Allar innréttingar og innihurðir eru úr hnotu og vönduð tæki eru í baðherbergi og í eldhúsi. Granít er á borðum eldhúsinnréttingar og fallegur útbýgður stór gólfíður gluggi í stofu. Húsið að utan er klætt með flisum og því viðhaldslítið og gluggar í húsinu eru ál/tré.

Eignin er laus til afhendingar nú þegar.

Verð 54,9 millj.



## GARÐATORG

OPIÐ HÚS  
Í DAG

### Garðatorg 7 - Garðabæ. 4ra – 5 herbergja íbúð.

Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45


Mjög góð 135,6 fm. íbúð á 2. hæð auk 2,6 fm. geymslu á 1. hæð í mjög góðu og vel staðsettu lyftuhúsi við Garðatorg. Bílastæði í bílakjallara fylgir íbúðinni. Rúmgóð setu- og borðstofa. Opið eldhús með glæsilegum innréttingum úr kirsuberjaviði. Suðursvalir með útsýni að Reykjanesi.

Virkilega falleg eign á góðum stað í miðbæ Garðabæjar þaðan sem mjög stutt er í alla þjónustu.

Verið velkomin.

Verð 54,9 millj.

## 4RA HERBERGJA



### HELLUVAÐ 7. GLÆSILEG ÚTSÝNISÍBÚÐ.

Eignin verður til sýnis miðvikudag frá kl. 17.15 – 17.45

Glæsileg útsýnisíbúð með suðursvölum í fjölbylíshúsi á mörkum Elliðavatns, Heiðmerkur og Flauðavatns. Sér bílastæði í lokaðri bílageymslu. Eingöngu tvær íbúðir á hverri hæð. Útsýni frá eigninni er óviðjafnanlegt. Til suðurs að Bláfjöllum, yfir Heiðmörk og Elliðavatn frá stórum suður svölum og stofu.

43,9 millj.

## 3JA HERBERGJA



### SKÁLAGERÐI 13 - REYKJAVÍK. ENDAÍBÚÐ.

Eignin verður til sýnis á morgun frá kl. 17.15 – 17.45

Mjög góð 67,7 fm. íbúð á 2. hæð (efstu) að meðt. sér geymslu. Um er að ræða endaíbúð í litlu fjölbylí með góðum svölum til suðvesturs. Fallegt eldhús. Rúmgóð stofa með stórum gluggum til vesturs. Tvö svefnherbergi. Húsið var allt tekið í gegn að utan nú í sumar. Verið velkomin.

27,9 millj.

## 3JA HERBERGJA



### SKIPHOLT 53. ÍBÚÐ MEÐ BÍLSKÚR.

Íbúðin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45

Vel skipulögð 88,3 fm. íbúð á 1. hæð með vestursvölum auk 21,4 fm. bílskúrs. Rúmgóðar vestursvalir með nýlegri svalalokun. Endurnýjað baðherbergi. Falleg upprunaleg innrétting í eldhúsi. Geymsla innan íbúðar auk sér geymslu í kjallara. Húsið nýlega viðgert að utan. Verið velkomin.

34,5 millj.

## 4RA HERBERGJA



### NAUSTABRYGGJA. ÚTSÝNISÍBÚÐ.

Glæsileg 130,5 fm. íbúð á 2. hæð að meðtöldri geymslu á þessum frábæra stað niður við smábátahöfnina í Grafarvoginum. Um 22 fm. hornsvalir með allri íbúðinni með frábæru útsýni yfir voginn og víðar. Íbúðin er einstaklega vel skipulögð með stóru hjónaherbergi með fataherbergi og baðherbergi innan. Tvö barnaherbergi með sér baðherbergi með sturtu.

44,5 millj.

## 3JA HERBERGJA



### BARMAHLÍÐ.

Góð 86,2 fm. íbúð í kjallara að meðtöldri 2,3 fm. sér geymslu í kjallara í góðu fjórbylíshúsi við Barmahlíð. Samliggjandi skiptanlegar stofur og rúmgott svefnherbergi. Húsið er nýlega steinað að utan, þak er nýlegt sem og þakrennur og niðurföll.

31,9 millj.

## 2JA HERBERGJA



### MARIÚBAKKI.

Falleg 68,4 fm. íbúð á 2. hæð að meðtöldri 4,8 fm. geymslu í snyrtilegu fjölbylí við Mariúbakka í Breiðholti. Suðursvalir út af stofu. Nýleg innrétting í eldhúsi. Búð er að klæða húsið að utan með Steni klæðningu. Frábær staðsetning þar sem Mjóddin er í göngufæri.

21,9 millj.

## 4RA HERBERGJA



### FLÚÐASEL. ÍBÚÐ Á EFSTU HÆÐ.

Rúmgóð og vel skipulögð 106,4 fm. íbúð á 3. hæð (efstu) með suðvestursvölum að meðt. sér geymslu í kjallara. Björt stofa með stórum gluggum. Þrjú svefnherbergi. Búð að klæða húsið að utan og skipta um þak. Björt og góð eign í barnvænu hverfi með góðu nýuppgerðu leiksvæði milli húsa. Sér bílastæði fylgir íbúð í bílakjallara.

29,8 millj.

## 2JA – 3JA HERBERGJA



### HELLUVAÐ.

Mjög falleg og björt 88,0 fm. íbúð á jarðhæð með verönd og sér garði til suðurs auk sér bílastæðis í upphitaðri og lokaðri bílageymslu við Helluvað í Reykjavík. Nýlegt parket á gólfum. Opið eldhús við stofu með fallegum eikarinnréttingum og góðri borðaðstöðu. Stofa með útgengi á verönd. Staðsetning eignarinnar er góð með tilliti til að stutt er í leikskóla, barnaskóla og alla þjónustu.

31,9 millj.

## 2JA HERBERGJA



### BÓLSTAÐARHLÍÐ.

Virkilega falleg 50,9 fm. íbúð á 2. hæð með svölum til vesturs auk 2,9 fm. sér geymslu í kjallara við Bólstaðarhlíð. Fallegar upprunalegar innréttingar í eldhúsi og rúmgott svefnherbergi. Stutt í alla þjónustu m.a. skóla og leikskóla ásamt því að Kringlan er í göngufæri.

24,9 millj.





Sverrir Kristinnsson, framkvæmdastjóri, lögg. fasteignasali  
Guðmundur Sigurjónsson, lögfræðingur, lögg. fasteignasali  
Þorleifur St. Guðmundsson, lögg. fasteignasali  
Kjartan Hallgeirsson, lögg. fasteignasali  
Geir Sigurðsson, lögg. fasteignasali  
Hilmar Þór Hafsteinnsson, lögg. leigumíðlari, lögg. fasteignasali  
Magnea S. Sverrisdóttir, lögg. fasteignasali  
Þórarinn M. Friðgeirsson, lögg. fasteignasali  
Reynir Björnsson, lögg. fasteignasali  
Guðlaugur I. Guðlaugsson, lögg. fasteignasali  
Brynjar P. Sumarliðason, BSc í viðskiptafr., aðstoðarm. fast.s.  
Jóhanna Valdimarsdóttir, gjaldkeri  
Elin Þorleifsdóttir, ritari  
Ásdís H. Júlíusdóttir, ritari  
Anna M. Sigurðardóttir, ritari

## Hulduland 14 - 108 Rvk.



OPÍÐ HÚS

